

**SKOÐUN** Guðmundur Steingrímsson skrifar um langvarandi samráðsleysi. **14**



**TÍMAMÓT** Heldur upp á afmælið á ráðstefnu um fjölmenningu í Ósló. **18**



**LÍFIÐ** María Ólafs og StopWaitGo senda frá sér plötu. **30**



**SPORT** Haukar unnu Íslandsmeistaratitilinn í handbolta í gær. **34**


Til hvers að flækja hlutina?
LIFÐU Í NÚLLINU!
365
365.is
Sími 1817



# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Priðjudagur**
12. maí 2015
110. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## FRÉTTIR



### Þykir þetta leitt

Michael Roth, Evrópumálaráðherra þýsku stjórnarinnar, segir að sér þyki leitt að a Ísland líti ekki lengur svo á að landið sé í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Roth er staddur í stuttri heimsókn hér á landi til að ýta undir samskipti Íslands við Evrópusambandið. **8**

**Mótmæla hrefnuveiðum** Hvalaskoðunarsamtök Íslands lýsa yfir áhyggjum vegna fækkunar hrefnu við Faxaflóa, eitt mikilvægasta hvalaskoðunarsvæði landsins. **2**



**Telja kröfum mætt** Framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir að með skattbreytingum og tilboði SA sé kröfum verkalýðsfélaga um hækkun lægstu launa mætt. **4**

**Lambakjöt til Asíu** SAH afurðir hafa samið um sölu á 160 tonnum af lambakjöti sem og gærum til Asíu. Virði samningsins er allt að 400 milljónum segir framkvæmdastjórinn. **12**




**14**

## SÉRBLAÐ

Fólk






**KRAFTAVERKI LÍKAST** Flugvél brotlenti í sjónum við Mosfellsbæ í gær. Flugmaðurinn, sem er nítján ára gamall, lauk atvinnuflugmannsprófi í gærmorgun. Mikil mildi þykir að flugmaðurinn skyldi sleppa svo vel frá brotlendingunni en brak vélarinnar er mjög illa farið og líklegast er vélin ónýt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Atvinnurekendur vilja alla að borðinu

Valið stendur um verðbólgusamninga þar sem ávinningur hækkana gufar fljótlega upp, eða samræmda samninga þar sem allir koma að borðinu og hækkanir samrýmast stöðugleika. SA segir gildandi boð í takt við kröfu um hækkun lægstu launa.

**KJARAMÁL** Samtök atvinnulífsins (SA) kalla eftir því að kjaraviðræður sem í gangi eru séu sameinaðar þannig að þær nái bæði til almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera.

„Þetta er bara nauðsynlegt,“ segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri SA. „Ég held að svona snúin staða leysist aldrei öðruvísi en náist að eyða ákveðinni tortryggni sem ríkt hefur milli aðila með því að menn komi þá bara sameiginlega að borðinu.“ Þessi leið opni þá líka möguleika á því að verkalýðshreyfingin geri formlegar kröfur um aðkomu stjórnvalda, sem ekki hafi verið gert til þessa.

Stjórnvöld hafi þegar lýst vilja til að koma að lausn kjaradeilna með einhverjum hætti, svo sem með skattkerfisbreytingum og breytingum á húsnæðismarkaði. „En augljóst er að eigi að takast að leysa úr þessum hnút þá þurfa stjórnvöld að koma að borðinu.“ Viljinn sé fyrir hendi en á skorti sameiginlega sýn verkalýðshreyfingarinnar á því hvað eigi að felast í aðkomu stjórnvalda.

Þorsteinn og Samtök atvinnulífsins hafa fært fyrir því rök að launahækkanir upp á 50 til 70 prósent sem farið sé fram á yfir línuna, ekki bara á lægstu laun, séu ávísun á verðbólgu og vaxtahækkanir sem á skömmum tíma komi til með að éta upp ávinninginn af launahækkunum. „Þrjú hundruð þúsund krónurnar verða þá jafn verðlitlar og 200 þúsund krónurnar nú þegar upp er staðið,“ segir Þorsteinn.



> Þrjú hundruð þúsund krónurnar verða þá jafn verðlitlar og 200 þúsund krónurnar nú þegar upp er staðið.
>
> *Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.*

Jafn ljóst sé að stjórnvöld komi ekki til með að vilja liðka fyrir samningum sem séu ávísun á efnahagslegan óstöðugleika.

- óká / sjá síðu 4



**ÓSKÝRAR REGLUR** Þarf einstaklingur að vera skráður í trúfélag til þess að fá staðfestingu á trú sinni? FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Höfuðklútar í vegabréfum:

## Þurfa sönnun frá trúfélagi

**SAMFÉLAG** Konur sem eru íslamstrúar þurfa staðfestingu eða rökstuðning annars tveggja trúfélaga hérlendis til að fá að bera höfuðklút (hijab) á vegabréfsmynd. Á dögunum vildi kona sem er múslimi endurnýja vegabréf sitt og bera höfuðklút á myndinni en fékk synjun þar til hún skilaði gögnum frá trúfélagi um trú sína. Hún er ekki skráð í trúfélag hér á landi. Anna Katarzyna Wozniczka, formaður Félags kvenna af erlendum uppruna, segir reglur um íslensk vegabréf óskýrar.

- kbg / sjá síðu 2


Þetta er engin spurning
Viðbótarlífeyrir er nauðsyn
Tryggir þína framtíð
Allianz

## VEÐUR




Í dag dregur úr norðanáttinni og léttir til um norðaustanvert landið. Það verður áfram kalt í veðri, og einungis útlit fyrir 5-6 stiga hita syðst, og áframhaldandi frost fyrir norðan.

SJÁ SÍÐU 20

Hvalaskoðunarsamtök Íslands lýsa yfir áhyggjum af fækkun hrefnu við eitt mikilvægasta hvalaskoðunarsvæði landsins:

# Mótmæla hrefnuveiðum við Faxaflóa

**ATVINNULÍF** „Faxaflói er eitt mikilvægasta hvalaskoðunarsvæði landsins,“ segir Gísli Ólafsson, formaður Hvalaskoðunarsamtaka Íslands, en samtökin mótmæla harðlega áframhaldandi veiðum á hrefnu á svæðinu. Samtökin hafa meðal annars áhyggjur af því að hvalatalningar Hafrannsóknastofnunar síðustu ár hafa sýnt fram á mikla fækkun hrefnu.

„Þessar veiðar hefjast þrátt fyrir þverpólitískan vilja borgarstjórnar Reykjavíkur um stækkun griðasvæðis hvala í Faxaflóa frá desember síðastliðnum og samhljóðandi niðurstöðu ráðgefandi nefndar sjávarútvegsráðherra um stefnumótun um vernd og veiðar á hvölum sem lögð var fram í maí 2013,“ segir Gísli.

„Venjulega hafa veiðar byrjað í maí og er það á sama tíma og ferðaþjónustan er alveg í blóma,“ segir María Gunnarsdóttir, verkefnastjóri hjá Hvalaskoðunarsamtökum Íslands, og bætir við að samtökin vilji alls ekki að ferðamenn verði vitni að veiðunum. „Hrefnuveiðimenn eru held ég alveg sammála okkur í því að ferðamenn sjái ekki veiðarnar en oft eru þó einungis tvær sjómílur á milli bátanna.“

Samtökunum er einnig umhugað um velferð dýranna. „Ljóst er að veidd hrefna verður hvorki veidd né sýnd aftur,“ segir Gísli og bætir við að ábyrg hvalaskoðun byggist hins vegar á því að nýta megi auðlindina margsinnis. **- ngy**



**HVALASKOÐUN** Hvalaskoðunarsamtökum Íslands er umhugað um velferð dýranna. MYND/SPECIALTOURS



NORDICPHOTOS/GETTY

Börnin halda upp á afmæli Búdda á fullu tungli:

## Dvelja í munkahofi í 14 daga

**SUÐUR-KÓREA Hárið var rakað af þessum unga dreng í athöfn sem kallast „Börn verða búddamunkar.“ Hún er haldin í tilefni af afmæli Búdda. Í athöfninni er hárið rakað af höfði barnanna sem dvelja svo í Búddahofinu í fjórtán daga. Búdda er talinn hafa fæðst fyrir um það bil 2.559 árum og þrátt fyrir að nákvæm dagsetning sé ekki ljós þá er haldið upp á afmæli hans á fullu tungli í maí í Suður-Kóreu. Í ár verður það hinn 25 maí. - vh**

Bætir við sig lesendum:

## Flestir lesa Fréttablaðið

**KÖNNUN** Fréttablaðið hefur bætt við sig lesendum á milli mánaða og nú lesa 51,79 prósent landsmanna blaðið. Rúmlega 45 prósent lesenda Fréttablaðsins eru á aldrinum átján til fjörtíu og níu ára. Þetta kemur fram í nýrri prentmiðlakönnun Gallup sem birt var í gær.

Lestur DV fellur hins vegar á milli mánaða. Nú lesa 7,44 prósent landsmanna blaðið.

Í Prentmiðlakönnun Gallup er lestur dagblaða mældur með samfelldum hætti allt árið. **- ngy**

Þingmenn komu saman:

## Sjálfbær nýting sjávarauðlinda

**STJÓRNMÁL** Fjórða þingmannaráðstefna hinnar Norðlægu víddar fór fram í gær. Á ráðstefnunni ræddu meðal annarra, þingmenn Alþingis, Noregs og Rússlands áskoranir og tækifæri á sviði umhverfisvænnar orku, sjálfbæra nýtingu lifandi sjávarauðlinda á norðurslóðum og jafnréttismál. Forseti Alþingis opnaði ráðstefnuna og forseti Íslands tók til máls í kjölfarið. Auk þess ávarpaði Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra ráðstefnuna. **- kbg**

# Þurfa staðfestingu trúfélaga vegna hijab

Konur þurfa staðfestingu trúfélags til að fá að bera hijab, höfuðklút, á vegabréfsmyndum. Kona sem er íslamstrúar var beðin um rökstuðning frá trúfélagi um trú sína hjá sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu. Verklagið harðlega gagnrýnt.

**SAMFÉLAG** Konur sem eru íslamstrúar þurfa staðfestingu eða rökstuðning annars tveggja trúfélaga hér á landi til þess að fá að bera höfuðklút (hijab) á vegabréfsmynd. Á dögunum vildi kona, sem er múslimi, endurnýja vegabréfið sitt en fékk synjun. Hún er ekki skráð í annað tveggja trúfélaga hér á landi.

Í gamla vegabréfinu sínu var hún án hijab en aðstæður í lífi hennar eru breyttar og nú ber hún slíka slæðu öllum stundum. Hún vildi bera slæðuna á myndinni í vegabréfi sínu og fór fram á það hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu.

Í lögum um vegabréf er tekið fram að mynd í vegabréfi skuli uppfylla ákveðin skilyrði. Myndin skal vera andlitsmynd, tekin þannig að andlit snúi beint að myndavél og bæði augun sjáist. Þá má umsækjandi til að mynda ekki bera sólgleraugu eða höfuðfat. Þó er tekið fram að það megi heimila ef umsækjandi um vegabréf fer fram á það af trúarástæðum. Á heimasíðu Þjóðskrár er tekið fram að ef umsækjandi fer fram á að bera höfuðfat sé ávallt óskað eftir rökstuðningi viðkomandi og skuli hann leggja fram staðfestingu eða útskýringu viðkomandi trúfélags á þeirri nauðsyn.

Konan fékk að lokum að bera höfuðklút í myndatöku eftir að hafa fengið staðfestingu hjá trúfélagi um að hún væri sannarlega múslimi.

Sverrir Agnarsson, formaður Félags múslima á Íslandi segir það fremur fyndið að það þurfi sérstakan rökstuðning trúfélags til þess að múslimakonur fái að bera hijab. „Ég er enginn sérstakur stuðningsmaður þess en margar konur vilja ganga með höfuðklúta og slæður og ég get alveg vottað að þær séu múslimar. En það er ferlega fyndið fyrirkomulag,“ segir hann og segir konurnar fullfærar um að votta slíkt sjálfar.

Þórólfur Halldórsson, sýslumaður höfuðborgarsvæðis, segir að samkvæmt venjulegum verkreglum beri að taka myndir af öllum án höfuðfats en vilji konur undanþágu þurfi þær að sýna fram á ástæðu þess. „Þær þurfa að sýna fram á að þær séu í trúfélagi og senda erindi til okkar, við reynum þá að greiða úr þessu. Kjarni málsins er að þeim konum sem bera höfuðklút af trúarástæðum er veitt undanþága frá meginreglunni,“ segir Þórólfur, sem annars vísar á Þjóðskrá sem setji reglur um verklag sem embætti sýslumanns beri að fara eftir.

Anna Katarzyna Wozniczka, formaður félags kvenna af erlendum uppruna, segir reglurnar óskýrar. „Þarf einstaklingur að vera skráður í trúfélag til þess að fá staðfestingu? Hver getur lagt fram svoleiðis staðfestingu eða útskýringu, hvað nákvæmlega á að koma fram í henni og hver hefur rétt til að meta lögmæti þess? Getur einstaklingur ekki rökstutt trúna sína sjálfur?“

kristjanabjorg@frettabladid.is



**ÞURFA RÖKSTUÐNING** Konur sem vilja bera höfuðklút á vegabréfum, hijab, þurfa staðfestingu trúfélags til þess. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**„Þarf einstaklingur að vera skráður í trúfélag til þess að fá staðfestingu? Hver getur lagt fram svoleiðis staðfestingu eða útskýringu, hvað nákvæmlega á að koma fram í henni og hver hefur rétt til að meta lögmæti þess? Getur einstaklingur ekki rökstutt trúna sína sjálfur?**

*Anna Katarzyna Wozniczka, formaður Félags kvenna af erlendum uppruna.*




Fjármálaráðherra segir að atvinnurekendur verði að leggja sitt af mörkum:

# Ekki bara vandamál ríkisins

**STJÓRNMÁL** Fjármála- og efnahagsráðherra segir að það eigi ekki bara að vera vandamál ríkisins að tryggja kjarabætur fyrir þá lægst launuðu. Atvinnurekendur verði að leggja sitt af mörkum.

Þingmenn lýstu yfir þungum áhyggjum af stöðunni á vinnumarkaðnum á Alþingi í gær. Þá var Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, spurður hvernig stjórnvöld ætluðu að bregðast við.

„Varðandi það sem að ríkisstjórnin getur gert til þess að skapa hér betri stöðu fyrir gerð kjarasamninga. Já, skattkerfin eru til skoðunar. Það þarf að lækka aftur skatta sem voru hækkaðir hér á síðustu árum,“ segir Bjarni Benediktsson.

Þá sagði Bjarni að það hlyti að koma að því á einhverjum tímapunkti að atvinnurekendur tækju að sér að greiða mannsæmandi laun.

„Það getur ekki bara verið vandamál ríkisins,“ sagði ráðherrann. **- lvp**



**LÆKKA SKATTA** Bjarni Benediktsson vill lækka aftur skatta sem hækkaðir voru á síðustu árum, þetta kom fram í máli hans á Alþingi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Audi
Vorsprung durch Technik
IS GJ F12
Audi A3 e-tron
Nýir tímar kalla á nýja tækni.
Audi A3 e-tron sameinar helstu kosti raf- og bensínbíla. Raforkan ein og sér dugar í flestar ferðir innanbæjar, eða allt að 50 kílómetra. Í lengri ferðum gengur sparneytin bensínvél til liðs við e-tron rafdrifið svo samanlögð akstursdrægni er 940 kílómetrar. Með Audi A3 e-tron eru þér allir vegir færir.
A3 Sportback e-tron, 204 hö, 7,6 sek 0-100 km/klst.,
$CO_2$ 35 g/km, eyðsla: 1,5 l. í blönduðum akstri.
Verð frá 5.190.000 kr.
H
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · www.audi.is

## NOKKRAR STÆRÐIR TENGDAR VERKFALLSAÐGERÐUM OG KJARABARÁTTU

**50.000 MANNS**
eða svo eru í VR, LÍV og félögum Flóabandalagsins sem nú kjósa um boðun verkfallsaðgerða, sem hefjast myndu með tveggja daga vinnustöðvun
**28. MAÍ**

**80% AF LAUNUM**
verða greidd til félagsmanna VR úr verkfallssjóði vegna tveggja daga verkfalls sem ráðgert er að verði undir lok mánaðarins.

**180 ÞÚSUND KRÓNUR**
er hámarksgreiðsla á mánuði úr verkfallssjóði til félagsmanns VR í fullu starfi komi til ótímabundins verkfalls 6. júní, að því er fram kemur á vef stéttarfélagsins.

**3.000 MILLJÓNIR**
króna, eða þar um bil, eru í verkfallssjóði VR, eftir tilfærslu úr aðalsjóði, sem félagsstjórnin lagði til um daginn.



**23,5% HÆKKUN**
dagvinnulauna á þriggja ára samningstíma segja Samtök atvinnulífsins að séu á borðinu. Innifalin er í hækkuninni er breyting á vinnutilhögun með lengingu dagvinnutíma og lækkun yfirvinnuálags.

**17 AÐILDARFÉLÖG**
Bandalags háskólamanna (BHM) eru með lausa samninga við ríkið. Hluti félaganna hefur nú verið í ótímabundnu verkfalli í fimm vikur.

## VERKFALLSAÐGERÐIR Í GANGI

### BANDALAG HÁSKÓLAMANNA (BHM)

**Ótímabundið verkfall hjá hluta aðildarfélaga |** Stendur enn yfir

Í DAG ER 36. DAGUR Í VERKFALLI FIMM ÞEIRRA:

1 **Félag geislafræðinga** Hefur meðal annars áhrif á starfsemi Landspítalans. Ekki er hægt að framkvæma margvíslegar rannsóknir sem krefjast röntgenmyndatöku.

2 **Félag lífeindafræðinga** Áhrif á framkvæmd rannsókna á Landspítalanum. Lífeindafræðingar starfa á rannsóknastofum sjúkrahúsa og fyrirtækja í erfðagreiningu og lyfjaiðnaði, auk stofnana sem þjóna landbúnaði.



**LESIÐ Í STÖÐUNA** 90,65 prósent hjúkrunarfræðinga voru fylgjandi boðun verkfalls frá og með 27. maí næstkomandi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

3 **Félag íslenskra náttúrufræðinga á Landspítala** Koma að frumu- og sameindalíffræði, eðlis- og efnafræði, lífeðlis- og lífefnafræði, erfðafræði og líftækni, örveru- og veirufræði, ónæmisfræði, blóðbankafræði, vefjafræði, meinafræði, faraldsfræði, tölfræði og kerfislíffræði.

4 **Ljósmæðrafélag Íslands á Landspítala |** ÞRI., MIÐ. OG FIM. Raskar starfi kvennadeildar, en undanþágur hafa verið veittar, svo sem vegna keisaraskurðaðgerða.

5 **Stéttarfélag lögfræðinga hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu** Ekki er hægt að ganga frá alls kyns opinberum skiptum, gjaldþrota- eða skiptum dánarbúa, skilnuðum, hjónavígslum og fleiri hlutum.

● **Ljósmæðrafélag Íslands á Sjúkrahúsinu á Akureyri** Ótímabundið verkfall hófst 9. apríl. Verkfall á mánudögum og fimmtudögum. Aðgerðir eru því á 34. degi.

### VERKFALL HJÁ EFTIRTÖLDUM FÉLÖGUM FRÁ 20. APRÍL

1 **Félag íslenskra náttúrufræðinga á Matvælastofnun** Meðal annars áhrif á eftirlit með plöntuheilbrigði, matvælaöryggi og neytendavernd.

2 **Stéttarfélag háskólamanna á matvæla- og næringarsviði á Matvælastofnun** Raskar margvíslegu eftirliti og rannsóknum.

3 **Dýralæknafélag Íslands** Stórfelld áhrif á matvælaframleiðslu. Uppáskrift dýralækna og eftirlit þarf við slátrun og einnig vegna innflutnings.

**Í PÍPUNUM: SGS** Verkfall 19.-20. maí og ótímabundin vinnustöðvun frá 26. maí. **Hjúkrunarfræðingar** Ótímabundið verkfall hefst 27. maí. **VR, LÍV og Flóabandalag** 28.-29. maí er verkfall hjá hópbifreiðafyrirtækjum, 30.-31. maí er verkfall á hótelum, gisti- og baðstöðum, 31. maí-1. júní er verkfall í flugafgreiðslu, 2.-3. júní er verkfall hjá skipafélögum og í matvöruverslunum, 4.-5. júní er verkfall hjá olíufélögum, 6. júní hefst ótímabundið verkfall félagsmanna.

# Telja kröfu mætt um hækkun lægstu launa

Með mögulegum skattkerfisbreytingum sem gagnast myndu tekjulægstu hópum telja SA kröfum verkalýðsfélaga um hækkun lægstu launa mætt. Tilboð SA sé upp á 23,5 prósenta hækkun á þremur árum með áherslu á hlut dagvinnulauna.

**KJARAMÁL** Með því að allir aðilar vinnumarkaðarins kæmu að kjarasamningum nú, bæði almenni og opinberi geirinn, þá gætu stjórnvöld betur komið að því að mæta þörfum tekjulægstu hópanna, segir Þorsteinn Víglundsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins (SA).

Meðal úrræða sem ríkið gæti komið með að borðinu segir hann vera breytingar á félagslega íbúðakerfinu, húsaleigubætur og mögulegar breytingar á skattkerfinu sem myndu hjálpa til við að takast á við kröfuna um sérstaka hækkun lægstu launa. Tilboð sem SA hafi lagt fram í samningunum núna fari þó langleiðina í að mæta kröfum verkalýðsfélaganna og sé hæsta tilboð sem samtökin hafi lagt fram í samningum, 23,5 prósent á þremur árum. „Lágmarkstekjutrygging í fullri dagvinnu væri þá komin í um 280 þúsund krónur í lok samningstímans,“ segir hann. Almennar prósentubreytingar myndu svo gagnast millitekjuhópunum líka.



ÞORSTEINN VÍGLUNDSSON

Breytingu á vinnufyrirkomulagi sem kveðið sé á um í tilboði SA, átta prósenta viðbótarhækkun, sé fyrst og fremst ætlað það hlutverk að auka framfærslugetu af dagvinnulaunum og leiði vonandi á endanum til styttri vinnutíma. „Það ætti strax að stuðla að einhverri styttingu og yfir lengri tímabil að geta stuðlað að því að við kæmumst í sambærilegt umhverfi og nágrannalöndin hvað þetta varðar.“ Hér sé hlutfall dagvinnu ekki nema 75 prósent af heildarlaunum, meðan það sé um 90 prósent á Norðurlöndum. „Þá er alveg ljóst að hækkun dagvinnulauna kemur þeim langbest sem eingöngu vinna dagvinnu og eru yfirleitt tekjulægsti hópurinn. Jafnframt ætti þetta að draga úr ójafnvægi í launum kynja á markaði.“

Þorsteinn segir valið snúa að því að vinna sameiginlega að einhverri lausn í þessa veru, sem takmarki líkur á að verðbólga fari hér af stað að nýju, eða halda inn í sveifluumhverfi ósjálfbærra hækkana sem ljóst sé að gangi til baka. Tilboð SA reyni engu að síður á þanþol efnahagslífsins og gæti jafnvel þýtt verðbólguskot upp á einhver fjögur prósent. „En við ættum að ná tökum á því ástandi aftur.“

SA hafa áður talað fyrir norrænu vinnumarkaðslíkani og rammasamningi um vinnubrögð í kjaramálum, bæði á almenna og opinbera vinnumarkaðnum. Þessa lexíu hafi Svíar lært eftir bankakreppu þeirra á níunda áratugnum og horfið frá miklum hækkunum sem litlum kaupmætti hafi skilað á endanum. (Sjá töflu hér til hliðar.)

„Við gætum núna í þessari erfiðu stöðu búið til umtalsvert verðmætan samning sem ætti að skila launafólki raunverulegum ávinningi og myndarlegri kaupmáttaraukningu á dagvinnulaunum, en um leið lágmarka áhættuna á efnahagslegum skakkaföllum.“ **olikr@frettabladid.is**



**VERSLAÐ Í STOKKHÓLMI** SA tala fyrir norrænu leið í kjarasamningum. Í óstöðugleika 9. áratugarins hafi 38,2% meðalhækkun launa á ári skilað Íslendingum 0,1% kaupmáttaraukningu. Lægri hækkanir hafi skilað nágrannaþjóðunum meiru. NORDICPHOTOS/GETTY

### Svíþjóð fyrir og eftir bankakreppu




*árleg meðalhækkun.
Heimild: Samtök atvinnulífsins

Ætlaði að sofa á nýju tilboði samninganefndar ríkisins:

# Betra en það sem áður hefur sést

**KJARAMÁL „Ríkið kom með ákveðna tillögu sem við erum bara að skoða og fara yfir,“ sagði *Páll Halldórsson*, formaður samninganefndar BHM, að loknum tveggja tíma fundi með samninganefnd ríkisins í Karphúsinu í gær. Hann bjóst við því að svara tilboðinu í dag, en boðaður hefur verið fundur í deilunni klukkan tvö.**



**Páll vill ekkert upplýsa um innihald tilboðsins. „Þetta er kannski ekkert voðalega mikil nýjung en þó er það betra en það sem við höfum séð áður,“ segir hann.**

**Í gær hafði ekki verið fundur í deilunni í viku og lítið þokast.** - lvp, óká




**REYNSLUSÖGUR** ÁHRIF YFIRSTANDANDI VERKFALLSAÐGERÐA

# Þurfa dýralækni með hitamæli

„Við verðum að bíða og sjá hvað verður með framvinduna,“ segir Gunnar Bergmann, eigandi Hrefnuveiðimanna. Hann segir allt til reiðu að halda til veiða, en hrefnuveiðitímabilið hefur oft hafist um þessar mundir, hins vegar setji yfirstandandi verkfall dýralækna þó líklega ákveðið strik í reikninginn.

„Maður áttar sig svo sem ekki alveg á hvað er í uppsiglingu, en það er ljóst að dýralæknaverkfallið sem núna er í gangi hefur áhrif á okkur,“ segir hann, en reglur í kring um hrefnuveiðarnar séu á þann veg að í raun sé litið á báta þeirra eins og sláturhús. „Við þurfum að kalla til dýralækni til að stinga hitamæli í kjötið þegar það kemur inn til vinnslu.“

Gunnar segir Hrefnuveiðimenn ekkert byrjaða að veiða enn sem komið er, þeir séu þó alveg klárir í að byrja hvenær sem er, en veiðar hafi alla jafna hafist í fyrrihluta maímánaðar.

Á meðan á verkfalli dýralækna stendur er því hrefnukjöt í hópi þeirra afurða sem ekki enda á grillum landsmanna með hækkandi sól og betra veðri.

Önnur áhrif segir Gunnar líkast til lítil á starfsemina. Flutningar á afurðum séu ekki meiri en svo að þeir geti annast þá sjálfir. „Við þurfum ekki á þjónustu annarra að halda, þannig séð. Starfsfólk hjá okkur er ekkert að fara í verkfall, sjómenn eða aðrir.“

- óká



Fréttablaðið leitar að sögum sem tengjast verkfallsaðgerðum. Láttu okkur endilega vita af skemmtilegum, eða miður skemmtilegum, sögum með því að senda okkur póst á **ritstjorn@frettabladid.is.**



# DREGIÐ Í DAG!

# Viltu vinna íbúð?

## 6 íbúðavinningar á happdrættisárinu að verðmæti 30 milljónir hver!

➤ **Nýtt happdrættisár framundan með enn glæsilegri skattfrjálsum vinningum**

- Sex 30 milljóna króna vinningar á tvöfaldan miða eða 15 milljónir króna á einfaldan miða

Drögum út 51 þúsund vinninga á árinu.
Heildarverðmæti vinninga er rúmur milljarður.

Miðaverð 1.500 kr. á mánuði fyrir einfaldan miða og 3.000 kr. fyrir tvöfaldan miða.

**Kauptu miða á www.das.is eða í síma 561 7757.**

Fylgstu með okkur á Facebook




**DREGIÐ Í HVERRI VIKU**

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 73611 04/15



> Við náðum að róa hann niður og héldum í hendurnar á honum þar til sjúkrabílinn kom.
> *Valur Jónatansson*

**VIÐBÚNAÐUR** Lögregla og sjúkralið komu á slysstaðinn. Flugvélin var komin á þurrt síðdegis. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Hlúðu að vaðandi flugmanni og luku svo við golfhringinn

Flugmaður óð í land lítt meiddur eftir að flugvél hans endaði á hvolfi í Leirvogi í gær. Golfspilarar tóku á móti manninum sem fluttur var á sjúkrahús. Þeir segja væng vélarinnar hafa rekist í sjóinn er vélin ofreis í beygju.

**SLYS** „Þetta leit alveg hrikalega út – maður bara krossaði sig,“ segir Valur Jónatansson, sem í gær var ásamt þremur félögum sínum við golfleik á velli Golfklúbbs Mosfellsbæjar við Leirvog þegar lítil flugvél hrapaði þar í sjóinn.

Valur segir þá félagana hafa fylgst með flugvélinni fljúga yfir Leirvog og sýnst hún vera að æfa lendingar. Flugvöllurinn á Tungubökkum er einn kílómetra frá þeim stað þar sem vélin brotlenti klukkan hálf þrjú utan við Leirutanga. Flugmaðurinn er nítján ára og lauk atvinnuflugmannsprófi í gær.

„Við sáum hana koma mjög lágt út voginn, kannski tíu til fimmtán metra yfir sjónum. Allt í einu tók hún beygju til vinstri og rak þá vinstri vænginn í hafflötinn þannig að vélin sporðreistist og skall á hvolf í sjóinn,“ segir Valur, sem kveður þá félagana ekki hafa heyrt neitt athugavert við mótor vélarinnar. Líklegast hafi hún ofrisið og misst flugið.



**KOMINN Á ÞURRT** Flugmaðurinn, annar frá hægri, var blóðugur og lemstraður á handlegg er hann kom í land. MYND/VALUR B. JÓNATANSSON

Valur segir óhug hafa slegið á hópinn við þessa sjón. Þeir hafi hringt í Neyðarlínuna og síðan hlaupið niður í fjöru. Til að byrja með hafi enga hreyfingu verið að sjá. Loks hafi þeir séð til flugmannsins sem hafi öskrað.

„Hann klifraði upp á vélina og hélt enn áfram að öskra og blóta. Svo byrjaði hann bara að ganga í land með sjóinn upp að brjósti. Það fyrsta sem okkar datt í hug var að það væri einhver annar í vélinni en við náðum að kalla í hann þegar hann var kominn hálfa leið í land og fengum það svar að hann væri einn. Þá létti okkur mikið,“ segir Valur.

Kylfingarnir fylgdu flugmanninum unga upp á golfvöllinn. „Hann var aumur í hægri hendinni og blóðugur og með skrámur í framan. Annars virtist hann vera nokkuð heill,“ lýsir Valur. Síðar kom í ljós að flugmaðurinn var úr axlarlið.

„Hann var bara í sjokki og hafði mestar áhyggjur af því að vera búinn að eyðileggja flugvélina fyrir pabba sínum. Við náðum að róa hann niður og héldum í hendurnar á honum þar til sjúkrabíllinn kom,“ segir Valur sem kveður þá félagana hafa verið í sjokki enda logandi hræddir við að þetta væri miklu alvarlegra. „Það leit þannig út. Mér finnst bara ótrúlegt að maðurinn hafi lifað þetta af.“

Þegar slysið varð voru Valur og félagar að undirbúa að slá teighöggin á sautjánda teig. Eftir að sjúkrabíllinn var farinn með flugmanninn til aðhlynningar luku þeir golfhringnum.

„Við áttum tvær holur eftir en sautjánda brautin tók ansi langan tíma, við vorum klukkutíma að spila hana – með stoppinu. Þetta er einn óvenjulegasti hringur sem maður hefur nokkurn tíma spilað og ég vona að þeir verði ekki fleiri svona.“

gar@frettabladid.is



**FLOGIÐ YFIR** Aðrir flugmenn komu í könnunarflug yfir slysstaðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR


NICOTINELL FRUIT

Ódýrasta Nicotinell lyfjatyggigúmmíið!




Nicotinell Fruit lyfjatyggigúmmí, inniheldur 2 eða 4 mg nikótín. Til meðferðar á tóbaksfíkn en lyfið dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og það auðveldar þar með reykingarfólki sem vill hætta að reykja, að hætta og auðveldar þeim sem ekki geta hætt, eða eru tregir til þess, að draga úr reykingum. Ekki má nota Nicotinell Fruit ef þú reykir ekki eða ert með ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefna lyfsins. Ráðlagður skammtur fer eftir því hversu háð/-ur þú ert reykingum. Þú skalt nota Nicotinell Fruit 4 mg ef þú ert með mikla nikótínþörf, reykir fleiri en 30 sígarettur/sólarhring eða ef þér hefur ekki tekist að hætta að reykja með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Annars skaltu nota Nicotinell Fruit 2 mg ef reykt er minna en 20 sígarettur á sólarhring. Ef þú færð aukaverkanir við notkun stærri skammtsins skaltu íhuga minni skammt í staðinn. Tyggið hægt þar til finnst sterkt bragð, látið tyggigúmmíið hvíla á milli kinnar og tannholds, tyggið aftur þegar bragðið dofnar, endurtakið í um 30 mínútur. Ekki má kyngja lyfjatyggigúmmíinu. Í upphafi meðferðar skaltu venjulega nota eitt stk á 1-2 klst. fresti þegar þú finnur fyrir reykingaþörf. Venjuleg notkun er 8-12 stk í á sólarhring. Þú mátt ekki nota fleiri en 25 af 2 mg eða meira en 15 af 4 mg lyfjatyggigúmmí á sólarhring. Lengd meðferðar er einstaklingsbundin en varir yfirleitt í a.m.k. 3 mánuði, þá skal draga úr fjölda stk. smám saman. Meðferð skal hætt þegar neyslan er komin niður í 1-2 stk á sólarhring og er ekki mælt með notkun lengur en í 1 ár. Sumt reykingafólk gæti þó þurft lengri meðferð til þess að forðast að byrja aftur að reykja. Leitaðu faglegrar ráðgjafar hjá lækni eða lyfjafræðingi ef þú getur ekki hætt að nota lyfið eftir eitt ár eða ef þér tekst ekki að fækka fjölda reyktra sígaretta eftir 6 vikur. Reykingum skal hætt um leið og einstaklingurinn er tilbúinn til þess, þó ekki síðar en eftir 6 mánaða meðferð. Leita skal faglegrar ráðgjafar ef ekki hefur tekist að hætta reykingum eftir 9 mánaða meðferð. Ráðfærðu þig við lækni eða lyfjafræðing áður en þú notar Nicotinell því ekki er víst þú megir nota lyfið ef þú: hefur fengið einhverja hjarta eða æðasjúkdóma, sykursýki, ofvirkan skjaldkirtil/nýrnahettur, ert með alvarlega skerta nýrna- og/eða lifrarstarfsemi, með magasár, gervitennur, barn á brjósti eða ert á meðgöngu. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Sjá notkunarleiðbeiningar í fylgiseðli.** Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lítið magn af nikótíni er hættulegt börnum og getur valdið alvarlegum einkennum eða dauða. Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ




**Tilboð: 4.690.000 kr.**

**Volvo XC90 Executive** GTK54
Skráður mars 2008, 2,4TDCi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 125.000 km.
Ásett verð: 5.290.000 kr.




**Tilboð: 1.190.000 kr.**

**Honda Accord Executive** YJ179
Skráður júní 2006, 2,0i bensín, beinskiptur.
Ekinn 141.000 km.
Ásett verð: 1.450.000 kr.

BÍLADÍLL DAGSINS!
Hafðu samband strax!




**Tilboð: 1.490.000 kr.**

**Mitsubishi Pajero GLS** ZT647
Skráður október 2004, 3,2TDi dísil, sjálfskiptur
Ekinn 235.000 km.
Ásett verð: 1.790.000 kr.




**Tilboð: 2.090.000 kr.**

**Toyota Yaris Terra** KBM99
Skráður ágúst 2013, 1,0i bensín, beinskiptur.
Ekinn 15.000 km.
Ásett verð: 2.390.000 kr.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*




**Tilboð: 1.590.000 kr.**

**Ford Explorer** Sport Trac Limt. 4x4 YT169
Skráður október 2006, 4,0i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 129.000 km.
Ásett verð: 1.790.000 kr.




**Tilboð: 3.090.000 kr.**

**Ford Focus Trend Edition** JBX17
Skráður september 2014, 1,0i bensín, beinsk.
Ekinn 2.200 km.
Ásett verð: 3.350.000 kr. *í ábyrgð*




**Tilboð: 1.190.000 kr.**

**Mitsubishi Outlander** Comfort ZO832
Skráður júlí 2007, 2,0 bensín, beinskiptur.
Ekinn 146.000 km.
Ásett verð: 1.350.000 kr.

**FINNDU BÍLINN ÞINN**

*Skoðaðu fleiri dæmi hér!*

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

**TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ**

*SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING*




**Tilboð: 2.490.000 kr.**

**Toyota Yaris Hybrid** MMS90
Skráður janúar 2013, 1,5i hybrid, sjálfskiptur.
Ekinn 27.000 km.
Ásett verð: 2.690.000 kr. *í ábyrgð*



**Verð: 990.000 kr.**

**Opel Corsa Enjoy** GKH16
Skráður júní 2008, 1,4i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 138.000 km.




**Tilboð: 4.790.000 kr.**

**Volvo V60 Momentum D2** TFL16
Skráður febrúar 2013, 1,6TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 20.100 km.
Ásett verð: 4.990.000 kr.




**Tilboð: 7.390.000 kr.**

**Volvo XC90** Summum D5 AWD TJL91
Skráður júní 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 89.500 km.
Ásett verð: 7.790.000 kr.




**Tilboð: 1.650.000 kr.**

**Hyundai i30 Comfort** FXK94
Skráður ágúst 2009, 1,6i bensín, beinskiptur.
Ekinn 76.000 km.
Ásett verð: 1.850.000 kr.



**Verð: 2.390.000 kr.**

**Citroën Nemo Fourgon Van** BHM78
Skráður desember 2014, 1,3TDCi dísil, beinskiptur
Ekinn 1900 km. *í ábyrgð*




**Tilboð: 3.690.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium S** PGH11
Skráður júní 2012, 2,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 101.000 km.
Ásett verð: 3.990.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg
Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Verkfallsaðgerðir hvaða félags er forstjóri Landspítala ósáttur við?
**2.** Umhverfisvakt við Hvalfjörð óttast uppbyggingu hvaða fyrirtækis í firðinum?
**3.** Hver er nýkjörinn formaður Landverndar?

**SVÖR**
**1.** Félags geislafræðinga **2.** Kísilvers Silicor Materials **3.** Snorri Baldursson

Matvælastofnun og Landlæknir mæla með suðu frosinna, innfluttra hindberja vegna nóróveiru:

# Dauðsföll rakin til neyslu á hindberjum

**NEYTENDUR** Um sjötíu íbúar á þremur heimilum fyrir aldraða í Ljungby í Svíþjóð fengu uppköst fyrir um viku. Þrír íbúanna létust. Nú hafa rannsóknir leitt í ljós að rekja megi veikindin til neyslu á frosnum, innfluttum hindberjum sem voru í eftirrétti sem var framreiddur á heimilunum. Svokölluð nóróveira reyndist vera í hindberjunum.



**GUÐRÚN SIGMUNDSDÓTTIR**

Þrátt fyrir tilmæli sænsku matvælastofnunarinnar og reglur sveitarfélagsins voru hindberin ekki soðin.

Guðrún Sigmundsdóttir, yfirlæknir á sóttvarnasviði Embættis landlæknis, segir að ráðleggingar hér á landi séu óbreyttar frá því sem var og því enn í gildi. Mælt sé með suðu frosinna hindberja. „Eftir því sem ég best veit hefur þetta mál ekki verið mikið í umræðunni nýlega hérlendis en kemur alltaf upp af og til. Við höfum í samvinnu við Matvælastofnun mælt með hitameðhöndlun hindberja.“

Á vef Landlæknis segir að suða hafi hvorki áhrif á bragð né lit hindberja og því sé vel hægt að sjóða þau áður en þau eru notuð í eftirrétti og drykki („smoothies“ og „boost“). **- ibs**



**HINDBER** Mælt er með suðu frosinna, innfluttra hindberja. NORDIDPHOTOS/GETTY




# Ekki klappað í stein

**Evrópumálaráðherra Þýskalands vonast til þess að eftir nokkur ár geti aðild að Evrópusambandinu komist aftur á dagskrá hér á landi. Hann segir Þjóðverja hafa sýnt Grikkjum mikinn sveigjanleika í efnahagsþrengingum þeirra, en harmleikur flóttafólks í Miðjarðarhafinu sé öllum aðildarríkjum ESB til skammar.**

**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is



**EVRÓPUSAMBANDIÐ** „Okkur þykir þetta leitt,“ segir Michael Roth, Evrópumálaráðherra þýsku stjórnarinnar, þegar hann er spurður út í bréf Gunnars Braga Sveinssonar utanríkisráðherra til Evrópusambandsins, þar sem segir að ríkisstjórn Íslands líti ekki lengur svo á að Ísland eigi í aðildarviðræðum við sambandið.

„Við hefðum vissulega viljað að Ísland yrði öflugur og fullgildur aðili að Evrópusambandinu, en okkur ber að virða þessa ákvörðun,“ segir Roth.

Spurður hvort hann skilji þetta svo að Ísland hafi einungis gert tímabundið hlé á viðræðum, segir hann að ákvörðun um það sé í höndum Íslendinga.

„Í lýðræðisríkjum er ekkert klappað í stein. Við gerum okkur vissulega vonir um að kannski eftir nokkur ár verði aðild að ESB aftur sett á dagskrá. Ef við getum gert eitthvað til þess að viðhorfin gagnvart ESB verði jákvæðari, þá myndi það gleðja mig mjög.“

Roth er staddur í stuttri heimsókn hér á landi, bæði til þess að styrkja enn frekar tengsl Íslands og Þýskalands og einnig til að ýta undir samskipti Íslands við Evrópusambandið.

„Milli Íslands og Þýskalands er löng hefð fyrir góðum og vinsamlegum samskiptum,“ segir Roth. „Og þótt ein ríkisstjórn skrifi bréf og hætti viðræðum, þá er framtíðarsýn Evrópusambandsins engan veginn úr sögunni. Þvert á móti. Ég er hingað kominn meðal annars til þess að kynna þann áhuga sem bæði Evrópusambandið og Þýskaland hafa á samskiptum við Ísland. Þar er það ekki stærð landsins sem skiptir máli og ég er viss um að Ísland hefur mikið fram að færa í Evrópu, alveg burtséð frá stöðu þess.“

## Of mikið talað

Roth hefur haft í ýmsu að snúast í embætti sínu sem Evrópumálaráðherra í þýska utanríkisráðuneytinu. Meðal annars hefur það komið í hans hlut að styrkja tengsl Þýskalands við Grikkland í þeim hremmingum, sem gríska þjóðin hefur gengið í gegnum undanfarið.

„Samskipti Grikklands og Þýskalands hafa áratugum saman verið mjög vinsamleg, bæði vegna þess að þýskir ferðamenn hafa mikið ferðast til Grikklands og vegna þess að í Þýskalandi búa 300 þúsund manns með grískar rætur. Þessi samskipti hafa hins vegar versnað töluvert í grísku efnahagskreppunni, en mig langar að leggja mitt af mörkum til þess að bæta þessi samskipti á ný.“

Grikkir hafa borið sig illa undan Þjóðverjum, sem hafa þótt sýna lítinn sveigjanleika gagnvart lítilli þjóð í miklum efnahagsvanda. Roth segir að í samskiptum ríkjanna hafi mikil mistök verið gerð af beggja hálfu.

„Einmitt Þýskalandi, sem er stórt efnahagsveldi, ber skylda til að gæta sérstaklega að orðum sínum, ekki síst gagnvart smærra aðildarlandi sem nú gengur í gegnum mjög erfiða tíma. Margir íbúar Grikklands glíma við mikla erfiðleika, sérstaklega þó unga kynslóðin sem býr við alltof mikið atvinnuleysi. Við eigum að taka tillit til þess og sýna Grikkjum bæði virðingu og vinsemd.“

Hins vegar þurfi að hvetja Grikkland til þess að standa við gerða samninga og gera Grikkjum ljóst að það sé að miklu leyti undir þeim sjálfum komið hvort farsællega tekst til á endanum.

Hann segir Þjóðverja hafa sýnt Grikkjum mikinn sveigjanleika: „Við höfum komið okkur saman um tiltekin markmið, en hvernig Grikkir ætla að ná þessum markmiðum er nú að miklu leyti undir þeim sjálfum komið. Tíminn líður og menn hafa talað of mikið en ekki tekið nóg af ákvörðunum. Þetta hefur áreiðanlega gert stöðuna verri, en Þýskaland er reiðubúið að veita þá aðstoð sem í þess valdi stendur.“

## Öllum til skammar

Hvað varðar aðgerðir Evrópusambandsins gagnvart flóttafólki, sem streymir yfir Miðjarðarhafið í von um skjól í Evrópu, þá segir Roth ekkert aðildarríkja Evrópusambandsins vera þar undanþegið ábyrgð.

„Þessi harmleikur, að svo margir hafi drukknað í Miðjarðarhafinu, er okkur öllum í Evrópusambandinu til skammar, öllum aðildarríkjunum, og nú á þetta fyrst og fremst að snúast um að bjarga mannslífum. Þar er athygli okkar núna. Staðan hefur einnig gert okkur ljóst að við þurfum að gera grundvallarbreytingar á stefnu okkar í málefnum innflytjenda, hælisleitenda og flóttamanna.“

Hann segir mörg aðildarríkjanna tilbúin til þess, en vandinn sé sá að ná þurfi samkomulagi sem öll aðildarríkin 28 geti fallist á.

„Framkvæmdastjórn ESB leggur nú tillögur á borðið, og við eigum ekki að gefa okkur alltof langan tíma til þess að komast að samkomulagi. Þarna er ekki bara trúverðugleiki Evrópusambandsins í húfi, heldur trúverðugleiki allra aðildarríkjanna 28, því Evrópusambandið getur ekki komið sér upp breyttri og mannúðlegri flóttamannastefnu nema 28 ríkisstjórnir samþykki það. Þýskaland er að minnsta kosti reiðubúið til þess.“



**MICHAEL ROTH** Evrópumálaráðherra Þýskalands er í stuttri heimsókn hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Þótt ein ríkisstjórn skrifi bréf og hætti viðræðum, þá er framtíðarsýn Evrópusambandsins engan veginn úr sögunni.**






www.renault.is

# RENAULT CAPTUR
# HLAÐINN BÚNAÐI




„ÞÚ TANKAR SJALDNAR
Á RENAULT“

DÍSIL, BEINSKIPTUR. **3,6 l/100 km***
VERÐ: **3.490.000 KR.**
DÍSIL, SJÁLFSKIPTUR. **3,9 l/100 km***
VERÐ: **3.790.000 KR.**

Innifalið í verði: 17" álfelgur, lykillaust aðgengi, tvílitur, skyggðar rúður, leiðsögubúnaður með Íslandskorti, tölvustýrð loftkæling, LED dagljós, bakkskynjarar, handfrjáls símabúnaður (Bluetooth), start/stopp ræsibúnaður, regnskynjarar á rúðuþurrkum.

ENNEMM / SÍA / NM68860 / *Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri

## DÍSILBÍLARNIR FRÁ RENAULT SLÁ Í GEGN

Renault var þriðji mest keypti bíllinn á Íslandi 2014 miðað við heildarbílasölu án bílaleigubíla. Nýju Renault bílarnir hafa slegið í gegn með hagstæðu verði, ríkulegum búnaði og úrvali sparneytinna bensín- og dísilvéla með einstaklega hagkvæmri „Dual Clutch“ sjálfskiptingu. Komdu og reynsluaktu nýjum Renault.

RENAULT

B|L

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

EINSTÖK TILBOÐ!
GERÐU FRÁBÆR KAUP
WWW.BÍLALAND.IS




CHEVROLET CAPTIVA METAN
Nýskr. 09/11, ekinn 67 þús. km.
bensín,metan, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.780.000
TILBOÐSVERÐ!
3.280 þús.




VW PASSAT ALLTRACK
Nýskr. 12/12, ekinn 139 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.480.000
TILBOÐ kr. 3.790 þús.




SUZUKI GRAND VITARA
Nýskr. 06/10, ekinn 111 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.190.000
TILBOÐ kr. 2.490 þús.




SUBARU LEGACY SPORT WAG
Nýskr. 05/07, ekinn 159 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 1.690.000
TILBOÐ kr. 1.350 þús.




RENAULT MEGANE SP TOURER
Nýskr. 08/12, ekinn 60 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 2.990.000
TILBOÐ kr. 2.590 þús.




BMW 320i
Nýskr. 02/10, ekinn 63 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.990.000
TILBOÐ kr. 3.490 þús.




HYUNDAI i40 WAGON COMFORT
Nýskr. 09/10, ekinn 133 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.990.000
TILBOÐ kr. 3.490 þús.

bílaland
Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is

Evrópusambandið biðlar til Sameinu þjóðanna um aðstoð vegna flóttafólks:

# Biður um aðstoð vegna smyglara

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Federica Mogherini, utanríkis- og öryggismálastjóri ESB, hefur beðið Sameinuðu þjóðirnar um aðstoð við að leysa upp þau glæpasamtök sem skipuleggja smygl á fólki til Evrópu.

„Við þurfum að treysta á ykkar aðstoð til að bjarga mannslífum,“ sagði Mogherini á fundi sínum með fulltrúum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, þar sem hún ræddi fyrirhugaðar aðgerðir sambandsins til að takast á við flóttamannavandann í Miðjarðarhafi.

Líbísk stjórnvöld hafa mótmælt aðgerðaáætlun Evrópusambandsins og segja áætlanir ESB vera óljósar og þær valdi stjórnvöldum áhyggjum. ESB leitar nú leyfis SÞ um að stöðva eða eyðileggja skip smyglara innan landhelgi Líbíu.

Rúmlega 60 þúsund manns hafa reynt að flýja yfir Miðjarðarhaf á þessu ári og talið er að um 1.800 hafi drukknað.

Flestir flóttamannanna eru að flýja undan stríði og fátækt og koma margir frá Sýrlandi, Erítreu, Nígeríu og Sómalíu. - aí, vh



**MIKILL FJÖLDI** Talið er að um 60 þúsund manns hafi reynt að flýja yfir Miðjarðarhaf á þessu ári og að 1.800 hafi drukknað. Varðskipið Týr hefur verið við björgunarstörf í Miðjarðarhafi undanfarna mánuði. MYND/LANDHELGISGÆSLAN



**NORÐURSLÓÐIR** Rannsóknir skortir á norðurslóðum svo hægt sé að taka ákvarðanir um hvort og þá hvernig verði farið í framkvæmdir þar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Áhætta í umsvifum á norðurslóðum

Rannsóknir skortir á norðurslóðum áður en farið verður í umsvifamiklar framkvæmdir þar. Um of er einblínt á tækifærin sem þar liggja en minna horft á áhættu. Málþing um hvort Ísland geti orðið olíuríki verður haldið í dag.

**UMHVERFISMÁL** Um of er einblínt á tækifærin sem gætu legið í framkvæmdum á norðurslóðum, en þeirri áhættu sem þeim fylgir er allt of lítill gaumur gefinn. Þetta segir Lára Jóhannsdóttir, lektor í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands. Hún segir að jafnvægi skorti í umræðuna um norðurslóðir.

Bráðnun íss og fleiri umhverfisbreytingar hafa beint sjónum manna að norðurslóðum og þeim efnahagslega ávinningi sem nýting þeirra gæti haft í för með sér. Um þær verður fjallað á málþinginu Olíuríkið Ísland, sem verður haldið í Háskóla Íslands í dag. Þar verður spurningunni um hvort framtíð Íslands liggi í olíuvinnslu á norðurslóðum velt upp. Lára mun skoða málið út frá sjónarhóli vátryggjenda. „Það er annað sjónarhorn en hjá fjárfestum. Ekki er bara horft á málið út frá tækifærum, heldur áhættuþættirnir teknir með inn í. Það vantar balans í umræðuna.“

Lára segir þá áhættuþætti af ýmsum toga. „Þetta er landfræðilega afskekkt svæði og einangrað, það er skortur á innviðum og ýmis vandamál sem gætu komið upp varðandi leit og björgun. Þá eru tæknimálin spurningarmerki og svo kemur að þessu með tryggingarnar, hvort þær fást á þessu svæði.“

Lára segir að fyrirtæki sem hyggi á starfsemi á norðurslóðum verði að huga sérstaklega vel að umhverfinu, náttúru og veðurfari. Þá komi orðsporsáhætta inn í, eins og sannaðist á olíuslysi BP í Mexíkóflóa árið 2010. „Þau þurfa að huga að því ef eitthvað kemur upp á, því mengunarslys getur skaðað ímynd. Því fylgir þessu áhætta um lögsóknir og skaðabótaábyrgð,“ segir Lára. Það geti leitt til þess að tryggingar á svæðinu verði mjög háar og jafnvel aðeins á færi stórfyrirtækja vegna kostnaðar.

Þá skorti rannsóknir á svæðinu, bæði grunnrannsóknir, en líka stöðugar rannsóknir eftir að starfsemi er farin í gang. Það þurfi að vakta svæðið vel.

Á meðal þess sem komið verður inn á á málþinginu eru einmitt síðrænu sjónarmiðin er lúta að loftslagsbreytingum og alþjóðlegum skuldbindingum. Lára segir mikilvægt að gleyma sér ekki í möguleikunum. „Þegar menn ætla að ræða tækifærin þarf líka að taka áhættuna inn í reikninginn.“

Rannsóknarsetur um norðurslóðir og NEXUS, rannsóknarvettvangur um öryggis- og varnarmál, standa fyrir málþinginu sem hefst klukkan 14 í dag.

kolbeinn@frettabladid.is



**Þau þurfa að huga að því ef eitthvað kemur upp á, því mengunarslys getur skaðað ímynd. Því fylgir þessu áhætta um lögsóknir og skaðabótaábyrgð.**

*Lára Jóhannsdóttir, lektor í umhverfis- og auðlindafræði.*

Tæplega ellefu þúsund Íslendingar hafa flutt til útlanda frá aldamótum:

# Fólksflótti frá Íslandi eykst

**SAMFÉLAG** Fólksflótti frá Íslandi er að aukast á ný. Þetta sýna tölur Hagstofunnar. Verkefnastjóri hjá Vinnumálastofnun segir suma vera að flýja ástandið hér heima en uppbókað er í námskeið þar sem fólki er kennt að flytja til Norðurlanda.

Tæplega ellefu þúsund Íslendingar hafa flutt til útlanda frá aldamótum sé horft á fjölda brottfluttra umfram aðflutta. Verulega dró úr landflótta á árinu 2013 en hann jókst ný í fyrra þegar 760 fleiri Íslendingar fluttu frá landinu en til þess. Á fyrstu þremur mánuðum þessa árs var talan komin upp í 370 samkvæmt tölum sem Hagstofan birti í gær.

Vinnumálastofnun aðstoðar fólk sem vill finna atvinnu í útlöndum en Þóra Ágústsdóttir, verkefnastjóri hjá stofnuninni, segir að um sé að ræða fólk á öllum aldri.

„Það var ofboðslega mikil aukning fyrst eftir hrun 2009 og 2010. Svo hefur þetta minnkað en þetta er orðið nokkuð stöðugt núna og er búið að vera í nokkur ár,“ segir Þóra. Flestir eru að leita sér vinnu í Noregi en þar á eftir koma Danmörk og Svíþjóð. - hks



**Í ATVINNULEIT** Vinnumálastofnun aðstoðar fólk sem vill finna atvinnu í útlöndum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**UNDIRRITUNIN** Ráðuneytið styrkir geðsvið FSA um 10 milljónir. MYND/VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ

Koma til móts við þolendur:

## Styrkja geðsvið sjúkrahússins

**HEILBRIGÐISMÁL** Velferðarráðuneytið styrkir geðsvið Sjúkrahússins á Akureyri um 10 milljónir króna og starfsaðstöðu sálfræðings, samkvæmt samkomulagi sem Eygló Harðardóttir félagsmálaráðherra og Bjarni Jónasson, forstjóri sjúkrahússins á Akureyri, skrifuðu undir fyrir helgi.

Markmiðið er sagt að aðstoða í auknum mæli þolendur ofbeldis. Skrifað var undir í Seli, dag- og göngudeild geðsviðs sjúkrahússins. - srs



**ÍSLENSKA HROSSIÐ** Efla á markaðssókn hestsins. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

Styðja við þjálfun hrossins:

## Styrkja nýsköpun í hrossarækt

**DÝR** Umhverfisráðuneytið auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna hrossaræktunar.

Markmið styrkveitingarinnar er að efla markaðssókn og ræktun íslenska hestsins og fylgja eftir þeirri fagmennsku sem hefur hlotist í þjálfun hestsins.

Lögð er áhersla á að styrkja nýsköpunarstarfsemi sem getur orðið sjálfbær eftir þróunartímabil. Sjóðurinn mun hafa rúmar sex milljónir til ráðstöfunar í ár.

Umsóknarfrestur vegna styrkveitinga rennur út 3. júní. - srs

Voru í öðru sæti í fyrra:

## Ríkisskattstjóri stofnun ársins

**STJÓRNSÝSLA** Ríkisskattstjóri er stofnun ársins samkvæmt könnun SFR stéttarfélags í almannaþágu.

Könnunin fór nú fram í tíunda sinn og er gerð í samstarfi við Gallup og fjármálaráðuneytið.

Ríkisskattstjóri hefur áður verið tilnefndur sem stofnun ársins og hlaut annað sætið í könnuninni í fyrra.

Valið byggist á svörum 12 þúsund manna á almennum og opinberum markaði en 50 þúsund fengu könnunina senda. - srs

Því svo Guð heiminn að hann gaf einkason sinn til þess að hver sem á hann trúir glatist ekki heldur hafi eilíft líf...

www.versdagsins.is

Bæði bandarískir og sovéskir hermenn beittu konur í Þýskalandi kynferðislegu ofbeldi í lok stríðsins:

# Hundruðum þúsunda kvenna nauðgað

**ÞÝSKALAND** Það voru ekki bara sovéskir hermenn sem nauðguðu þýskum konum við lok seinni heimsstyrjaldarinnar og á tímanum þar á eftir, heldur einnig bandarískir. Þetta kemur fram í nýútkominni bók, Als die Soldaten kamen (Þegar hermennirnir komu), eftir þýska sagnfræðiprófessorinn og blaðamanninn Miriam Gebhardt.

Í viðtali við sænska blaðið Dagens Nyheter kveðst Gebhardt hafa fundið gögn í Bæjaralandi um nauðganir bandarískra hermanna. Það hafi vakið forvitni hennar þar sem áður hafi eingöngu verið skrifað um nauðganir hermanna í Rauða hernum. Bandaríkjamenn hafi hins vegar ekki bara verið frelsarar.

Gebhardt segir að í kalda stríðinu hafi nauðganir Rauða hersins verið notaðar í pólitískum tilgangi. Ekki hafi verið um að ræða samúð með konunum.

Það er mat sagnfræðiprófessorsins að um 860 þúsundum þýskra kvenna hafi verið nauðgað á fyrrgreindu tímabili. Mat hennar er byggt á vitneskjunni um þann fjölda barna sem þýskar konur eignuðust með hermönnunum og að fimm prósent þeirra hafi fæðst í kjölfar nauðgunar.

Að sögn Gebhardt var ekki um skipanir að ofan að ræða. Hún kveðst hafa fundið dæmi um harða dóma yfir hermönnum. Flestir hafi þó sloppið. - ibs



**Í LOK STRÍÐSINS** Sovéskir hermenn í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP




Afmælistilboð á fjölda heimilistækja frá Bosch og glæsilegri gjafavöru.

Öll tilboð gilda til 23. maí eða á meðan birgðir endast.

Rýmum til fyrir nýjum vörum. Eldri heimilistæki á frábærum afslætti. Gerið góð kaup! Allt að **50% afsláttur**.

Þeir sem skrá sig á **póstlistann** okkar í versluninni eða á heimasíðu okkar, bosch.is, geta átt von á skemmtilegum vinningi.

**Verið velkomin og gerið góð kaup!**

BOSCH
BÚÐIN
Hlíðasmára 3 · Sími 520 3090
www.bosch.is

# Ársfundur 2015

**Ársfundur Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar**
verður haldinn fimmtudaginn 28. maí kl. 16.00
í Bæjarstjórnarsal Kópavogsbæjar, Fannborg 2, Kópavogi.

**Dagskrá**

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Önnur mál löglega upp borin

Allir sjóðsfélagar sem og launagreiðendur og viðkomandi stéttarfélög eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti og eru þeir hvattir til að mæta.
Fundargögn verða afhent á fundarstað fyrir setningu fundarins.

Kópavogi, 5. maí 2015
Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar

## Yfirlit yfir afkomu ársins 2014

| Efnahagsreikningur | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Verðbréf með breytilegum tekjum | 1.120.689.657 | 1.087.529.020 |
| Verðbréf með föstum tekjum | 2.710.448.938 | 2.528.040.606 |
| Veðskuldabréf | 45.819.972 | 52.023.578 |
| Bankainnistæður | 3.839.742 | 59.344.864 |
| Kröfur | 41.134.861 | 19.202.830 |
| Aðrar eignir | 8.326.735 | 18.861.408 |
| Skuldir | (13.166.031) | (7.174.407) |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | 3.917.093.874 | 3.757.827.899 |

| Breyting á hreinni eign | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 240.568.235 | 227.599.641 |
| Lífeyrir | (304.694.518) | (286.320.039) |
| Fjárfestingatekjur | 222.711.303 | 378.162.021 |
| Fjárfestingagjöld | (9.058.207) | (8.786.864) |
| Rekstrarkostnaður | (13.587.311) | (13.180.296) |
| Aðrar tekjur | 23.326.473 | 22.750.661 |
| Hækkun á hreinni eign á árinu | 159.265.975 | 320.225.124 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 3.757.827.899 | 3.437.602.775 |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | 3.917.093.874 | 3.757.827.899 |

| Kennitölur | 2014 | 2013 |
|---|---|---|
| Nafnávöxtun | 5,4% | 10,4% |
| Raunávöxtun | 4,3% | 6,5% |
| Raunávöxtun 5 ára meðaltal | 4,1% | 4,6% |
| Skuldir umfram áfallnar skuldbindingar | (58,0%) | (56,1%) |
| Fjöldi sjóðsfélaga | 112 | 118 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 289 | 277 |

**Starfsemi sjóðsins á árinu**

Starfsemi sjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu 2014. Rekstrarkostnaður ársins 2014 var 13,6 m.kr. en var 13,2 m.kr. á árinu 2013 og var kostnaðurinn um 0,4% af hreinni eign í árslok. Fjárfestingagjöld námu um 9,1 m.kr. en 8,8 m.kr. árið á undan. Enginn starfsmaður var á launaskrá hjá sjóðnum, en Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga hefur frá 1. apríl 2010 annast daglegan rekstur sjóðsins.

**Sjóðsfélagar**

Í júlí 1998 var sjóðnum lokað fyrir nýjum sjóðfélögum. Þeim einum sem greiddu til sjóðsins í júní 1998 er heimilt að greiða áfram til hans, enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma. Þetta eru þeir sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Kópavogsbæ, stofnunum bæjarins, sjálfseignastofnunum eða félögum skrásettum í Kópavogi sem sveitarfélagið á aðild að og voru iðgjaldaskyldir til sjóðsins.

**Í stjórn sjóðsins eru:** Gunnlaugur Júlíusson, formaður, Ása Richardsdóttir, Helga E. Jónsdóttir, Kristinn Sverrisson og Ragnar Snorri Magnússon.
**Framkvæmdastjóri er:** Gerður Guðjónsdóttir.

Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogsbæjar


Þingkona Bjartrar framtíðar telur persónuleg viðhorf lækna geta haft áhrif:

# Spyr um málefni intersex-barna

**STJÓRNMÁL** Björt Ólafsdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, lagði fram skriflega fyrirspurn til heilbrigðisráðherra á Alþingi í gær um fyrirkomulag vegna aðgerða á intersex-börnum.

Björt spyr um upplýsingagjöf til foreldra um intersex og hvernig læknisfræðilegum meðferðum er háttað. Þá spyr hún hvers konar ráðgjöf og fræðslu foreldrar intersex-barna fái við greiningu og í hverra höndum hún sé. Einnig hversu mörgum hefur verið boðin fóstureyðing á grundvelli þess að fóstur sé með intersex-breytileika og um fjölda aðgerða á ári á börnum til þess að „leiðrétta“ kyn.

„Ég legg þetta fram vegna þess að ég hef ástæðu til að ætla að læknismeðferð og aðgerðir fari fram án þess að það sé nokkur lagarammi í kringum það. Það er því á valdi lækna hvernig þeir meðhöndla þessi börn, því er hætt við að viðhorf þeirra og persónuleg skoðun á málefni barnanna geti haft áhrif,“ segir Björt Ólafsdóttir. **- kbg**



**VILL UPPLÝSINGAR** Björt vill vita hvort það hafi verið framkvæmdar fóstureyðingar á grundvelli þess að fóstur sé með intersex-breytileika. Þá vill hún vita um fyrirkomulag á aðgerðum.

# Selja 160 tonn af lambakjöti til Asíu

SAH afurðir á Blönduósi hafa samið um sölu á lambakjöti og gærum til Asíu. Virði samningsins allt að 400 milljónir. Gætu flutt meira út eftir sláturtíð í haust. „Sambærilegt verð og á innanlandsamarkaði,“ segir framkvæmdastjóri SAH.

**VIÐSKIPTI** SAH afurðir ehf. á Blönduósi hafa náð samningum við fyrirtæki í Hong Kong um sölu á 160 tonnum af lambakjöti og 70 þúsund gærum. Markmiðið er að senda kjötið og gærurnar úr landi fyrir maílok. Verkfall dýralækna gæti sett strik í reikninginn.

Gunnar Tryggvi Halldórsson, framkvæmdastjóri SAH afurða, segir samninginn skipta miklu máli fyrir innlenda framleiðslu. „Allt í allt er þetta 21 gámur af lambakjöti og gærum. Samkomulagið snýr að sölu á 160 tonnum af lambakjöti og 70.000 gærum. Þessi samningur er mjög mikilvægur bæði fyrir SAH afurðir sem og aðra á innlendum markaði,“ segir Gunnar Tryggvi.

SAH afurðir eru í meirihlutaeigu Sölufélags Austur-Húnvetninga og Kjarnafæðis. Að mati Gunnars Tryggva er verðið sem félagið fær fyrir afurðirnar gott og í samræmi við verð á innanlandsmarkaði. Virði samningsins, sem undirritaður var í Asíu í síðustu viku, er allt að fjögur hundruð milljónir króna.

„Þetta minnkar spennu á innlendum markaði. Margir eiga bæði kjöt og gærur frá síðustu sláturtíð og því er þetta kærkomið fyrir alla aðila að finna erlenda markaði fyrir framleiðsluna sem tilbúnir eru að greiða gott verð fyrir afurðirnar,“ segir Gunnar Tryggvi. „Það er alveg ljóst að þetta er hagstæðasti samningur sem við höfum náð hjá SAH afurðum um útflutning á kjöti. Þarna erum við að selja kjöt út á sama verði og á innanlandsmarkað sem er nýlunda hvað útflutning á lambakjöti snertir.“

Verkfall dýralækna hjá Matvælastofnun gæti sett strik í reikninginn. Allur útflutningur á kjötafurðum verður að fara í gegnum stofnunina og dýralæknar þurfa að votta afurðir sem fara úr landi. Sú stétt hefur nú verið í verkfalli í yfir mánuð og skiptir miklu fyrir aðila á markaðnum að kjaradeilan leysist sem fyrst. „Við þurfum að geta sent út gærurnar sem fyrst og vonumst eftir því að geta sent allt út í þessum mánuði. Það sem gæti stöðvað það er verkfall dýralækna því það þarf hleðslustaðfestingu og vottorð frá dýralæknum Matvælastofnunar til þess að við getum flutt afurðirnar út. Það er mjög mikilvægt fyrir þjóðarbúið að tryggja útflutning á afurðum sem þessum og hagur allra.“ **sveinn@frettabladid.is**




**SAMNINGUR HANDSALAÐUR** Gunnar Tryggvi Halldórsson og fulltrúi asíska fyrirtækisins eftir undirritun í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AÐSEND MYND



**SAH** Fyrirtækið er í eigu Sölufélags Austur-Húnvetninga og Kjarnafæðis á Svalbarðseyri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Þarna erum við að selja kjöt út á sama verði og á innanlandsmarkað sem er nýlunda hvað útflutning á lambakjöti snertir.**
>
> *Gunnar Tryggvi Halldórsson, framkvæmdastjóri SAH afurða.*

Evrópumót landsliða í skák á Íslandi stærsti viðburður sem SÍ hefur annast:

# SÍ fær 25 milljónir í mótshaldið

**MENNING** Skáksamband Íslands hefur fengið 25 milljóna króna styrk frá ríkisstjórninni til að standa straum af kostnaði við Evrópumót landsliða í skák sem verður haldið hér á landi 12. til 22. nóvember næstkomandi.

Frá þessu er greint í fréttabréfi sambandsins.

Árið 2012 voru áform SÍ um að sækjast eftir því að halda Evrópumót landsliða í skák hér á landi kynnt. Þá var veittur tveggja milljóna króna styrkur af ráðstöfunarfé ríkisstjórnarinnar til undirbúnings og jafnframt vilyrði um styrkinn sem nú er í hendi.

„Þetta er einn stærsti viðburður sem Skáksamband Íslands hefur staðið fyrir og mun eflaust efla áhuga almennings á íþróttinni auk þess að vera afar hvetjandi viðburður fyrir okkar sterkustu skákmenn. Okkar hlutverk er að búa til umgjörð í heimsklassa og þessi styrkur gerir okkur það kleift. Skákhreyfingin er ríkisstjórninni afar þakklát fyrir stuðninginn,“ segir Gunnar Björnsson, forseti SÍ, í fréttabréfinu. **- shá**



**REYKJAVÍKURSKÁKMÓT** Stórmót í skák á Íslandi eru engin nýlunda. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




SAFT




Útgáfufagnaður
"Unbroken" smáskífunnar
verður í verslun 10-11,
Lágmúla í dag frá kl. 16-18.

María Ólafs verður á staðnum, tekur lagið og áritar plötur.




Platan fæst einungis í verslunum 10-11.
**Takmarkað magn í boði.**

999KR
Unbroken + 2L Coca-Cola®

Coca-Cola, í samstarfi við 10-11, gefur út smáskífuna sem inniheldur framlag Íslands í Eurovision 2015 ásamt glænýju efni frá Maríu Ólafs og Stop, Wait, Go.

**ÁFRAM ÍSLAND**

Enn á ný stefnir í uppnám á Alþingi:

# Rammi um deilur

Sú ákvörðun stjórnarmeirihlutans að breytingar á rammaáætlun verði teknar á dagskrá þingsins í dag á eftir að hafa mikil áhrif á störf þingsins. Ekki stóð á viðbrögðum stjórnarandstæðinga í gær. Þetta var sagt fullkomin vitfirra, handsprengju hefði verið varpað inn í þingið og gott ef þetta jafngilti ekki ákvörðun Heródesar um að láta drepa öll sveinbörn í Betlehem þarna um árið. Látum hefðbundna gengisfellingu íslenskrar orðræðu liggja á milli hluta, en það þarf enginn að velkjast í vafa um að með þessari tillögu er ekki beint verið að stuðla að sáttum. Hvorki innan þings né utan, þar sem þetta mun vekja upp deilur um náttúruna á ný.



Kolbeinn Óttarsson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is

Rammaáætlun ber það hljómþýða nafn Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Það var ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sem ýtti henni formlega úr vör árið 1999, en fyrsti áfangi hennar náði til ársins 2003. Fleiri áfangar hafa fylgt í kjölfarið og árið 2011 samþykkti Alþingi lög um verndar- og orkunýtingaráætlun. Deilur um rammaáætlun settu síðan sterkan svip á síðasta kjörtímabil.

Fyrsta grein umræddra laga er svohljóðandi: „Markmið laga þessara er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.“

Hér er djarflega mælt. Samræma á hagkvæmni og arðsemi og náttúruvernd og menningarsöguleg sjónarmið og ýmislegt fleira smálegt. Öll dýrin í skóginum eiga sem sagt að vera vinir. Síðasta ríkisstjórn fór síðan ekki í grafgötur með það að markmiðið væri að sætta í eitt skipti fyrir öll þá sem vildu annars vegar virkja á ákveðnum svæðum og hins vegar vernda þau svæði fyrir nokkru raski.

Það er ekki auðvelt verk. Og það má velta því fyrir sér hvort hugmyndirnar um víðtæka sátt á milli virkjunar- og náttúruverndarsinna hafi ekki verið helst til háleitar. Mun nokkru sinni nást sátt um ókomna tíð um að einhverju svæði verði ekki raskað? Á að binda hendur afkomenda okkar hvað það varðar? Er sú, um margt ósanngjarna, staða ekki uppi að einu varanlegu ákvarðanirnar sem hægt er að taka í þessum efnum er að skella uppistöðulóni á eitthvert svæði?

Það er ofmælt að sátt hafi ríkt um rammaáætlun á síðasta kjörtímabili. Ekki þarf pólitískt langminni til að rifja upp þá stöðu sem síðasta ríkisstjórn var í. Hvernig hún var í vandræðum með að koma rammanum í gegnum þingið, hvernig ákveðin atriði breyttust á síðustu metrunum, hvernig þurfti að semja til að ná öllu í gegn. Og léttinn sem ljóst var að stjórnarliðar fundu þegar ný lög voru samþykkt í janúar 2013, á síðustu mánuðum stjórnarinnar. Eins og ekki væri hægt að breyta lögum.

Og það er einmitt það sem hefur gerst. Ný ríkisstjórn hefur nýjar áherslur varðandi vernd eða nýtingu svæða. Ríkisstjórn sem hefur sýnt að hún skirrist ekki við að fara í deilur. Og ljóst er að þær mun hún fá. Ramminn hélt í tvö ár. Deilurnar gætu staðið lengur.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Resorb Sport

Þegar þú stundar úthaldsíþróttir eins og hjólreiðar, fjallgöngur, hlaup o.fl.



- Bætir upp vökvatap
- Minnkar líkur á vöðvakrömpum
- Flýtir endurheimt (recovery)
- Bragðgóður og handhægur
- Inniheldur m.a. magnesíum

**Fæst í fjölmörgum apótekum**

FASTUS
Veit á vandaða lausn

FASTUS_H_33.05.15

**Fastus ehf., - Velkomin í verslun okkar. Opið mán - fös 8.30 - 17.00**
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900

## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Þegjandi samkomulag?**
Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar og þingmaður Framsóknarflokksins, sagði í þættinum Eyjunni á sunnudag að samkomulag hefði verið við lýði hjá verkalýðsfélögunum að fara ekki í verkföll á meðan vinstri stjórn var við völd. Þegar þáttarstjórnandinn Björn Ingi Hrafnsson spurði hana hver hafi gert það samkomulag svaraði Vigdís: „Það var þegjandi samkomulag, við vitum það alveg.“

**Kaldar kveðjur**
Vigdís mætti í þáttinn ásamt Birni Val Gíslasyni, varaformanni Vinstri grænna. Björn Valur var allt annað en sáttur við þessa fullyrðinu Vigdísar. „Þetta eru köldustu kveðjur sem launþegar í þessu landi hafa fengið lengi vel, þetta er mjög alvarleg staða sem uppi er og okkur ber skylda til að leysa hana í stað þess að hnýta í fólk með þessu orðalagi sem Vigdís Hauks fór yfir áðan. Gera lítið úr fólki sem er í kjaradeilu og er að leita réttinda sinna,“ sagði Björn Valur.



**Á ekki orð**
Gylfi Arnbjörnsson, forseti Alþýðusambandsins, sagði þessi ummæli Vigdísar fráleit í hádegisfréttum Bylgjunnar í gær. „Að slíkt samkomulag hafi verið til er náttúrulega bara út í Hróa hött. Í landinu eru æði mörg stéttarfélög og hver ætti eiginlega að geta gengið frá slíku samkomulagi?“ spurði Gylfi forviða. „Mér finnst þetta svo fjarri lagi að ég á varla orð yfir þetta.“ Gylfi sagði þó slík ummæli ekki koma á óvart frá Vigdísi en segir þau alveg úr lausu lofti gripin. „Nóg var nú tekist á við fyrri ríkisstjórn,“ segir Gylfi. „Með þá ríkisstjórn var, hvað varðar velferð og skattamál, einfaldlega meiri sátt í landinu með það.“ Gylfi taldi þá ríkisstjórn hafa lítið með það að gera hvernig komið er fyrir kjaramálum á Íslandi í dag. „Ég held að þessi ríkisstjórn hafi verið fullfær um það sjálf,“ sagði Gylfi.



fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Ekki tala saman

SAMFÉLAG



**Guðmundur Steingrímsson**
formaður Bjartrar framtíðar

Það er mjög mikilvægt að tala ekki mikið við annað fólk. Annað fólk getur verið annarrar skoðunar en maður sjálfur. Ef annað fólk hefur rétt fyrir sér, þá þarf maður að breyta öllu sem maður hefur ákveðið. Það er vesen.

Ég held að tilhneigingin til þess að nálgast mannlífið svona sé rót margra vandamála hér á landi. Það er skoðun Bjartrar framtíðar að flest mál sé hægt að leysa með því að tala saman. Krafa um samráð í stjórnmálum hefur verið rauður þráður í málflutningi okkar frá stofnun.

„Þið viljið bara að öll dýrin í skóginum séu vinir. En lífið er ekki Dýrin í Hálsaskógi!“ Á þennan hátt hefur krafa Bjartrar framtíðar oft verið léttvæg fundin. Það er ekki á nokkurn hátt krafa okkar að fólk sé vinir. Fólk má vera óvinir. Við gerum hins vegar þá kröfu, að fólk – bæðir vinir og óvinir – líti á það sem skyldu sína í siðmenntuðu samfélagi að tala saman. Við viljum að fólk reyni sífellt, í sameiningu, að finna álitlegar leiðir til lausnar á vandamálum og koma í veg fyrir hörmungar. Í stjórnmálum er þessi krafa einstaklega mikilvæg. Þar er verið að sýsla með hag almennings og framtíð barna okkar.

Hvað ætli samráðsleysið sem ríkir í samfélaginu núna kosti? Ástæða þess að

**➜Aðrar þjóðir hafa náð að höndla deilur um kaup og kjör með miklu farsælli hætti en við. Hvernig er hægt að stýra svona velmegunarsamfélagi út í þvílíkar ógöngur?**

Björt framtíð boðar samráð er ekki sú að við séum hippar. Hún er þessi: Samráðsleysi og botnlausar deilur leiða til sóunar á tíma, hæfileikum og peningum. Alþingi er dæmi um þetta og það sem meira er: Íslenskt samfélag í heild sinni er um þessar mundir átakanlegur vitnisburður um þann gríðarlega kostnað sem langvarandi samráðsleysi hefur í för með sér. Það eru verkföll úti um allt. Stálin stinn mætast með óheyrilegum skaða fyrir samfélagið. Því miður.

Hvernig gerðist þetta? Aðrar þjóðir hafa náð að höndla deilur um kaup og kjör með miklu farsælli hætti en við. Hvernig er hægt að stýra svona velmegunarsamfélagi út í þvílíkar ógöngur? Mér finnst svarið blasa við: Með þvermóðsku. Stífni. Einræðistilburðum. Svikum. Skætingi. Dylgjum. Með því að tala ekki saman.

Höldum því áfram, endilega. Ekkert fjandans Dýrin í Hálsaskógi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Með dauðann að leikfangi

KJARAMÁL



Gunnar Ármannsson
lögmaður

„Hundrað synjað um undanþágu“. Þessi fyrirsögn Fréttablaðsins þann 8. maí sl. fangaði augað. Í fréttinni mátti m.a. lesa eftirfarandi: „Tvö hundruð hafa fengið undanþágu fyrir myndgreiningu en hundrað veikum verið synjað af undanþágunefnd“. Innan gæsalappa í fréttinni er eftirfarandi haft eftir talsmanni viðkomandi stéttarfélags: „Þeim undanþágum sem er hafnað, þær getum við ekki veitt.“ Einnig er eftirfarandi haft eftir talsmanninum: „Okkur finnst að þessar áhyggjur af stöðunni sem upp er komin hljóti að liggja hjá ráðamönnum.“ Í fréttinni er einnig haft eftir lækni að staðan sé hrikaleg og að hann óttist afleiðingar verkfalls á Landspítalanum.

Um verkföll, ábyrgð og afleiðingar vinnustöðvunar er hægt að hafa langt mál. Það mál hefur áður verið fært í letur. Röksemdir með og á móti verkfallsréttinum hafa verið ræddar í þaula. En hvernig skyldi þessum hundrað líða sem synjað var um undanþágu? Hvernig skyldi ættingjum þeirra líða? Hvernig skyldi þeim lítast á röksemdirnar? Í sannleika sagt þá held ég að flestir sem lenda í þessari aðstöðu að vera einn af tiltekinni óskilgreindri tölfræði velti lítið fyrir sér víðara samhengi hlutanna. Þar sem viðkomandi hættir allt í einu að vera sjálfstæð persóna með sjálfstæðar þarfir fyrir aðstoð samborgaranna en verður allt í einu hluti af óskilgreindu ópersónugreinanlegu mengi í fyrirsögn í dagblaði. Í þeirra huga snýst málið um þeirra eigið líf – og kannski möguleikann á að fá að lifa því áfram. Þeir sem ekki hafa reynt það á sjálfum sér eða nánum aðstandanda að lifa við dauðans angist geta ekki sett sig í spor hinna – en þeim væri samt hollt að reyna það.

Í innsíðufrétt um sama mál er haft eftir talsmanninum: „Þeim undanþágum sem er hafnað, þær getum við ekki veitt. Það er algengt að það sé verið að sækja um undanþágur ótilgreint.“ Einmitt. Það er sem sagt sett í hendur umsækjenda um undanþágur annars vegar og verkfallsvarða hins vegar að bítast á um hvort umsókn sé svona eða hinsegin. Ef annar hvor aðilinn er ekki nógu vandvirkur þá bíður afgreiðslan. Í augum þess sem bíður er annar hvor mögulega með lykilinn að því hvort lífinu lýkur fyrr en seinna. Í fyrirsögn dagblaðsins er viðkomandi samt bara einn af hundrað. Ónafngreindur. Langflestir sem lesa fyrirsögnina hugsa ekki til einstaklingsins eða fjölskyldu hans. Þeir sjá bara fyrirsögn sem vísar til kjarabaráttu. Þeir sjá ekki angistina sem þeir upplifa sem eru svo óheppnir að vera hluti af þessu ónafngreinda mengi. Fæstir upplifa þessa hlið – sem betur fer.

### Ásættanlegt?

En er það þetta sem við viljum? Óhagræðið sem við sem samfélag höfum samþykkt að verkföll geti og jafnvel eigi að hafa í för með sér, er það alltaf ásættanlegt? Jafnvel þótt það geti kostað mannslíf? Getum við samþykkt að það sé ásættanlegt að deiluaðilar geti reynt að varpa ábyrgð á hinn aðilann í vinnudeilu jafnvel þótt einn og einn deyi þess vegna? Fyrir þann sem eftir lifir er svarið jafnan nei. Sá sem fer hefur ekki atkvæðisrétt okkar megin. Þeir sem í þessu sporum standa hafa oftast ekki afgangsorku til að andæfa málflutningi sem þessum. Því er auðvelt að afgreiða þennan hóp sem tölfræði eða óskilgreint mengi. Fyrirsögn í vinnudeilu.

Í augum þeirra sem eiga sér kannski óljósa framtíð er öll truflun á meðferð sérlega erfið. Ýmsar erfiðar hugsanir og tilfinningar fara af stað. Óvissan, óttinn, biðin, getan til að halda andlitinu gagnvart þeim nánustu, getan til að halda reisn, getan til að leyna þá nánustu því hversu erfið staðan er, getan til að lifa. Í baráttunni um betri kjör virðumst við hafa samþykkt að næstum allt sé leyfilegt. Líka að taka ákvarðanir fyrir þessar hundrað fjölskyldur. En í þeirra augum eru baráttuaðilar með mikið vald. Vald sem við flest viljum að sé frekar í höndum æðri máttar. Ef öðrum deiluaðila skjöplast getur afleiðingin verið lok lífsins.

Þótt mörgum kunni að þykja það ósanngjarnt ætla ég samt að leyfa mér að setja þá skoðun mína fram að mér finnst það ekki rétt að þeir sem hafa tekið þá ákvörðun að sinna sjúkum geti leyft sér að leggja niður störf í kjarabaráttu. Ég er ekki sannfærður um að rétta kerfið sé það að „undanþágunefnd“ eigi að hafa alræðisvald um það sem gert er – eða ekki gert.

Þarna erum við í augum þessara hundrað að færa allt að því guðum líkt vald í hendur einstaklinga. Sem geta síðan leyft sér að taka ákvarðanir sem hafa áhrif á líf sjúklinga, sjúklinga sem í þeirra augum eru óskilgreindar andlitslausar persónur í óskilgreindu stærra mengi. Tölfræði. Hundrað.

**➜ Röksemdir með og á móti verkfallsréttinum hafa verið ræddar í þaula. En hvernig skyldi þessum hundrað líða sem synjað var um undanþágu? Hvernig skyldi ættingjum þeirra líða?**

# Ójöfnuður

FJÁRMÁL



Guðmundur Örn Jónsson
verkfræðingur

Lengi vel voru upplýsingar um tekjudreifingu á Íslandi vel varðveitt leyndarmál. Þegar aðgerðir ríkisstjórnar Sjálfstæðis- og Framsóknarmanna fóru að auka ójöfnuð upp úr 1990, lögðu flokkarnir Þjóðhagsstofnun niður og hættu að birta upplýsingar um tekjudreifingu. Ísland var því oft eina vestræna landið í skýrslum alþjóðastofnana þar sem ekki voru upplýsingar um tekjudreifingu og enginn á Íslandi virtist hafa sérstakar áhyggjur af því.

Nú ber svo við að Viðskiptaráð hefur fengið skyndilegan áhuga á tekjudreifingu og sakar þingmenn Samfylkingarinnar um lygar þegar þeir halda því fram að ójöfnuður hafi aukist.

Í þessu samhengi má minnast á orð Mark Twain sem sagði að til væru þrjár tegundir lygi: Lygi, haugalygi og tölfræði. Í tilfelli Viðskiptaráðs á hið síðasta við. Þeir benda réttilega á að ójöfnuður, mældur með Gini-stuðli, hafi lækkað milli 2009 og 2013, þegar vinstristjórnin var við völd. Þeir segja aftur á móti ekki að ójöfnuður jókst um 73% á sama mælikvarða milli 1995 og 2005 þegar sjálfstæðis- og framsóknarmenn voru við völd. Viðskiptaráð segir ekki heldur frá því að eftir að sjálfstæðis- og framsóknarmenn tóku aftur við völdum hafa þeir breytt tekjuskatti og auðlegðarskatti, lækkað veiðigjald og framkvæmt „Leiðréttinguna“ á þann hátt að það mun óhjákvæmilega leiða til aukins ójafnaðar.

Rannsóknir hafa sýnt að ójöfnuður hefur mikil og skaðleg áhrif á hagsæld þjóða. Vonandi verður útspil Viðskiptaráðs tilefni til aukinnar umræðu um þennan mikilvæga þátt svo þróunin frá 1990 fram að hruninu árið 2008 endurtaki sig ekki.




# Um kennslu og slagsíður

MENNTUN



**Torfi Stefán Jónsson**
kennari í Fjölbrautaskólanum við Ármúla

**➜ Það sem slær mig helst í gagnrýni sumra einstaklinga í framhaldi af fréttinni í Stundinni, er að ætla bráðgáfuðum og gagnrýnum nemendum að þeir taki eitthvað sem ég ber á borð fyrir þá sem sannleik um gott og illt.**

Í síðustu viku vakti Stundin athygli á glæru sem ég og fleiri hafa notað við kennslu í Fél. 303 (stjórnmálafræði). Síðan er lagt út frá glærunni um að talsverð vinstri slagsíða sé í kennslunni. Þessi glæra er ein af rúmlega 100 sem ég nota í kennslu. Sumar glærur innihalda texta, aðrar myndir, skopmyndir (takk Halldór Baldursson) og fleira. Ég notast ýmist við PowerPoint eða netforritið prezi.com. Í mínum huga eru glærur alls ekki eitthvað sem nemendur geta treyst á sem frábærar glósur fyrir próf. Ég vil helst nota glærur til að varpa einhverju fram til greiningar. Ýmist sjálfur, með nemendum eða þá eingöngu nemendur.

Þessi tiltekna glæra er unnin upp úr um 11 blaðsíðum í bókinni Stjórnmálafræði fyrir framhaldsskóla eftir Magnús Gíslason, útgefin 2007. Þar eru tekin fyrir nokkur hugtök og þau rædd og reynt að meta hvort þau tilheyri fremur hægri eða vinstri. Mestu máli skiptir samhengið með sýnidæmunum. Þetta er þó engan veginn tilraun til þess að búa til einhvern vinstri eða hægri ás, sem fær reyndar á sig margs konar gagnrýni í tímum. Reyndar byrjuðum við áfangann á að notast við politicalcompass.org og ræddum síðan kosti og galla þess fyrirkomulags.

Til að læra um stjórnmál eru nemendur sendir til að taka viðtöl við stjórnmálamenn sem bregðast ótrúlega vel við slíkum beiðnum og eiga þakkir skildar fyrir liðlegheit. Eins förum við yfir hugmyndafræði, hvaðan hugmyndir koma og í hvaða umhverfi þær spretta fram, kosti þeirra og galla. Loks hef ég alltaf reynt að fiska einhverja gestafyrirlesara til að lífga upp á tímana. Á þessari önn fékk ég Skota til að ræða þjóðaratkvæðagreiðsluna í Skotlandi 2014, ómetanleg innsýn sem fékkst þar. Síðan fékk ég íslenskan stjórnmálamann úr Sjálfstæðisflokknum til að ræða breytingar á stjórnmálum í sveitarstjórnar- og landsmálum síðastliðin 40 ár. Það að hægt sé fá slíkan reynslubolta til að miðla þekkingu sinni er frábært.

Það sem slær mig helst í gagnrýni sumra einstaklinga í framhaldi af fréttinni í Stundinni, er að ætla bráðgáfuðum og gagnrýnum nemendum að þeir taki eitthvað sem ég ber á borð fyrir þá sem sannleik um gott og illt. Að ég geti og reyni með illkvittnum glærum að lokka þau öll yfir á vinstri væng stjórnmálanna. Bæði er það oftrú á sannfæringarkrafti mínum (og vilja) og ekki síst vantrú á ungu fólki í framhaldsskólum.

# Hvað getur ljósmóðir gert fyrir þig?

KJARAMÁL



**Valgerður Lísa Sigurðardóttir**
sérfræðiljósmóðir á Landspítala

**➜ Fyrra nám og reynsla skilaði sér hreint alls ekki í launaumslagið heldur lækkuðu launin mín þegar ég hóf störf sem ljósmóðir. Ótrúlegt en satt! Til að verða ljósmóðir þarf sex ára háskólanám, fyrst fjögur ár í hjúkrunarfræði og svo tvö ár í ljósmóðurfræði.**

Ertu með jákvætt þungunarpróf? Áttu von á barni? Ertu með ógleði, grindarverki, sinadrátt, bakflæði, bjúg, svefntruflanir? Ertu hrædd? Kvíðirðu fyrir fæðingunni? Eru minnkaðar fósturhreyfingar? Ertu með samdrætti? Ertu hrædd um að það sé eitthvað að barninu? Ertu með hríðir? Varstu að missa vatnið? Finnurðu fyrir blendnum tilfinningum gagnvart því að verða móðir/faðir? Ertu nýbúin að eignast barn? Er nýfætt krílið alltaf svangt? Ertu hrædd um að þú mjólkir ekki nóg? Er komið að leghálssýnatöku hjá þér? Vantar þig ráðgjöf vegna getnaðarvarna?

Allar spurningarnar hér að ofan og fleiri til eru hluti af daglegu starfi mínu. Ég er nefnilega ljósmóðir! Innan skamms verða liðin 20 ár frá því ég var svo heppin að komast inn í nám í ljósmóðurfræði við Háskóla Íslands. Þá hafði ég lokið BS-gráðu í hjúkrun og starfað sem hjúkrunarfræðingur í átta ár. Þannig hafði ég öðlast fjölþætta reynslu innan heilbrigðisgeirans sem ég taldi að myndi nýtast mér vel í ljósmóðurstarfinu. Það reyndist rétt vera – að öllu öðru leyti en þegar kom að launakjörum. Fyrra nám og reynsla skilaði sér hreint alls ekki í launaumslagið heldur lækkuðu launin mín þegar ég hóf störf sem ljósmóðir. Ótrúlegt en satt!

Til að verða ljósmóðir þarf sex ára háskólanám, fyrst fjögur ár í hjúkrunarfræði og svo tvö ár í ljósmóðurfræði. Sérþekking ljósmæðra liggur í að hlúa að eðlilegu barneignarferli, veita fræðslu og upplýsingar og styðja foreldra í foreldrahlutverkinu um leið og þörfum þeirra og barnsins er mætt. Síðast en ekki síst er eitt af hlutverkum ljósmóður að greina frávik frá eðlilegu ferli, leita til annarra fagaðila þegar þörf er á og veita áframhaldandi stuðning þó eitthvað komi upp á.

Margar ljósmæður hafa einnig lokið framhaldsnámi og í vaxandi mæli hafa ljósmæður sérhæft sig og öðlast sérfræðiviðurkenningu í ýmsum sérgreinum innan ljósmóðurfræðinnar. Má þar nefna fósturgreiningu, fæðingarhjálp, brjóstagjafaráðgjöf, umönnun áhættuhópa eins og mæðra með sykursýki, fíknivanda, flókin sálfélagsleg vandamál, tvíburameðgöngur og svo mætti lengi telja. Því þrátt fyrir að almennt sé litið á meðgöngu og fæðingu sem náttúruleg fyrirbæri þá hefur margt breyst með í áranna rás, t.d. hefur aukist að konur með flókinn heilsufarsvanda eignist börn. Þá hefur vaxandi offita þjóðarinnar leitt til þess að mun fleiri konur teljast til áhættuhópa á meðgöngu og í fæðingu en áður var. Allt þetta kallar á aukna sérþekkingu ljósmæðra og stunda nú allmargar ljósmæður vísindarannsóknir sem ætlað er að skila aukinni þekkingu inn í barneignarþjónustuna.

**Menntun metin til launa**

Ljósmæður hafa verið talsvert í umræðu fjölmiðla undanfarið vegna yfirstandandi verkfalls BHM-félaga. Það er dapurlegt til þess að hugsa að ljósmæður voru í sömu sporum fyrir sjö árum síðan en við samningaborðið á þeim tíma var þeim lofað leiðréttingu á launakjörum. Greinarhöfundur skrifaði grein vegna þessa sem birtist á mbl.is í júlí 2008 þar sem m.a. kom fram að verulegt misræmi var á launakjörum háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Síðan eru liðin sjö ár! Og enn brenna sömu málin á eins og kemur fram í viðtali við formann Ljósmæðrafélags Íslands á visir.is þann 7. maí sl! Ljósmæður eru enn í þeim sporum að heyja harða baráttu fyrir því að menntun þeirra sé metin til launa!

Ljósmæður standa vaktina fyrir þig. Gildir þá einu hvort það eru virkir dagar eða stórhátíðir, dagar eða nætur – ljósmóðirin sinnir sínu starfi á heilsugæslustöðvum, fæðingarstofnunum og í heimahúsum á öllum tímum sólarhringsins og alla daga ársins! En hinni löngu vakt kjarabaráttu verður að fara að ljúka – ég vona að ég þurfi ekki að skrifa mikið oftar um misrétti í launakjörum! Er ekki komið nóg?




**BMW X3 xDrive20d. Verð frá 7.590.000 kr.** Steptronic 8 þrepa sjálfskipting, Sensatec leðuráklæði, lykillaus gangsetning, 6,5" litaskjár í mælaborði, handfrjáls búnaður (Bluetooth) fyrir síma og tónlist.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is
B|L




**Sálarheill björgunarfólks**
**Hjálparsveit skáta í Garðabæ hefur gert samning við sálfræðistofu.**
**SÍÐA 2**





**Hollt nasl**
**Stundum gerir hungrið vart við sig á miðjum vinnudegi. Þá er gott að hafa hollt og gott nesti við höndina.**
**SÍÐA 4**










# TRYGGIR MÉR GÓÐA HEILSU

**GENGUR VEL KYNNIR** *Norðurkrill er loksins komið aftur í verslanir! Norðurkrill er eitt hreinasta og öflugasta formið af Omega-3 fitusýrum.*

NORÐURKRILL er hrein, náttúruleg afurð unnin úr krilli eða ljósátu. Krill er veitt í Suðuríshafinu og inniheldur náttúrulega andoxunarefnið axtasanthin (eitt öflugasta andoxunarefni sem völ er á).

**ÁNÆGÐUR MEÐ AÐ NORÐURKRILL SÉ AFTUR FÁANLEGT**

„Ég er sannfærður um að OMEGA-3 úr hafinu sé mikilvægt til að tryggja góða heilsu. Ég byrjaði að taka NORÐURKRILL, sem er afar ríkt af Omega-3, fyrir rúmum þremur árum og hef varla orðið kvefaður eða veikur síðan.

Sem flugstjóri til fjölda ára hef ég verið mjög berskjaldaður fyrir bakteríum og áreiti m.a. vegna þess að ég flýg yfir mörg tímabelti og kemst þar í návígi við fjölda fólks. Áður fyrr fékk ég kvefpestir fimm til sex sinnum ári, var oft slappur og átti í basli með tímamismuninn. Þetta breyttist allt eftir að ég byrjaði að taka tvö hylki af NORÐURKILL á dag.

**NORÐURKRILL ER ÖFLUGASTA OLÍAN**

Ég fann sérstaklega fyrir mikilvægi þess að taka inn NORÐURKRILL þegar það var ekki fáanlegt í tæpt ár og ég fór að taka inn aðrar fitusýrur úr hafinu. Það virkaði alls ekki eins vel og varð ég því miður aftur móttækilegri fyrir kvefi og lengur að jafna mig á tímamismuninum. Mig langar að lokum að bæta því við að ég finn síður fyrir augnþreytu, sitjandi fyrir framan tölvuskjái tímunum saman ásamt því að einbeitingin er betri eftir langar vaktir þegar ég tek NORÐURKRILL. Ég mæli eindregið með því fyrir alla!"



*Friðrik Ottesen flugstjóri .*

***Útsölustaðir: Flest apótek, heilsubúðir og heilsuhillur verslana.***

**BETRI HEILSA**
Friðrik telur Norðurkrill tryggja betri heilsu.




**ÁNÆGÐUR**

„Áður fyrr fékk ég kvefpestir fimm til sex sinnum ári, var oft slappur og átti í basli með tímamismuninn. Þetta breyttist allt þegar ég byrjaði að taka NORÐURKRILL."










**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir** Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434 **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429






**ERFIÐAR AÐSTÆÐUR** Félagar í björgunarsveitum landsins geta lent í margvíslegum og erfiðum aðstæðum.

# HUGA AÐ SÁLARHEILL SJÁLFBOÐALIÐA

***GOTT FRAMTAK** Hjálparsveit skáta í Garðabæ hefur gert samstarfssamning við Sálfræðinga Höfðabakka um að veita félagsmönnum hjálp þegar þeir telja sig þurfa á því að halda. Mikilvægt er að hlúa vel að þessum hópi sjálfboðaliða, segir formaður sveitarinnar.*

Stundum kemur fyrir að félagar okkar lenda í óþægilegum aðstæðum og uppákomum. Hingað til höfum við haft þann háttinn á að hitta fólkið okkar eftir útköll til að vera með svokallaða viðrun. Þar getur fólk talað saman og deilt reynslu sinni undir stjórn einstaklinga í sveitinni, sem hafa sérhæft sig á þessu sviði. Ef á þurfti að halda gátum við boðið upp á einhver úrræði og eftirmeðferðir sem stjórn sveitarinnar hafði milligöngu um. Sumum þótti þetta fyrirkomulag óþægilegt og vildu síður að stjórnin væri inni í þeim málum," segir Elvar Jónsson, formaður Hjálparsveitar skáta í Garðabæ. Sveitin gerði tímamótasamning um sálfræðiþjónustu fyrir félaga sína í síðustu viku. „Nú geta félagsmenn okkar leitað beint til sálfræðinga eftir viðrun ef þeir telja sig þurfa á því að halda. Við sendum lista yfir félaga okkar til sálfræðistofunnar og því geta allir sem eru á þeim lista leitað eftir aðstoð. Hjálparsveitin borgar síðan allt að fimm tíma fyrir viðkomandi sem nýtur algerrar nafnleyndar," lýsir Elvar.

### HÆFUR MANNSKAPUR SKIPTIR ÖLLU

Elvar segir HSG hafa undanfarin ár lagt markvissa áherslu á innra starf og félagana sem starfa með sveitinni. „Björgunarsveit þarf vissulega að vera vel tækjum búin, en við sem erum í forsvari fyrir sveitina erum mjög meðvituð um að tækin og búnaðurinn skipta engu máli ef við erum ekki með hæfan mannskap. Þess vegna höfum við hvatt okkar félaga til að sækja sér þá menntun og þjálfun sem nýtist í björgunarsveitarstarfi. Sveitin er félagarnir sem í henni eru og styrkur okkar er í félögunum. Þess vegna var þessi samningur við Sálfræðinga Höfðabakka gerður. Hann er í raun bara ein viðbót við þann stuðning sem sveitin sýnir félögunum," segir Elvar, sem veit ekki til þess að aðrar hjálparsveitir séu með svipað fyrirkomulag.

### VERKEFNIN OFT ERFIÐ

Björgunarsveitir landsins sinna margvíslegum verkefnum sem geta mörg hver reynt verulega á. Í útköllum eru líkur á að sveitarmenn komi að mikið slösuðu eða látnu fólki. Slíkt getur tekið á og þá er gott að fá aðstoð til að vinna úr því. „Við tökum þó skýrt fram að áföll sem félagsmenn okkar verða fyrir og sækja sér hjálpar við þurfa ekki að verða í útköllum, því ýmislegt getur komið upp á við æfingar og í ferðum sveitarinnar," segir Elvar. Hann er bjartsýnn á að samstarfið við sálfræðingana muni ganga vel.



**ELVAR JÓNSSON**
Formaður Hjálparsveitar skáta í Garðabæ.




# VARASAMT AÐ SKOLA HRÁAN KJÚKLING

*Ólíkt því sem ætla mætti í fyrstu getur það að skola kjúkling fyrir eldun aukið hættu á smitsjúkdómum. Skolunin eykur líkur á því að kjúklingavökvinn komist í snertingu við önnur matvæli eða eldhúsáhöld.*

Lítið er um salmonellu- og kampýlóbakteríusmit í íslenskum kjúklingum en þau eru nokkuð algeng í nágrannalöndum okkar. Í fyrra sendi breska matvælaeftirlitið út tilmæli þess efnis að forðast ætti að skola kjúkling fyrir eldun.

Þar í landi smitast á þriðja hundrað þúsund manns af kampýlóbakteríunni á ári hverju en hún lýsir sér aðallega í magaverkjum, niðurgangi og uppköstum.

Með því að skola kjúklinginn aukast líkurnar á því að vökvinn af honum komist í snertingu við önnur matvæli eða eldhúsáhöld. Droparnir dreifast víðar og auðvelt er að missa sjónar á því hvar þeir lenda en ekki þarf nema lítið magn til að smitast.



**ELDUN DUGAR**
Í fyrra sendi breska matvælaeftirlitið út tilmæli þess efnis að forðast ætti að skola kjúkling fyrir eldun.




Queen Touring
og Tónleikur kynna
Sköpunarverk
ROGER TAYLOR &
BRIAN MAY
THE Queen
EXTRAVAGANZA
ELDBORG
LAUGARDAGINN
15. ágúst
Miðasala hefst í dag kl. 10.00 á harpa.is – tix.is – sími 528 50 50







HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára



**HUNGRUÐ** Það er gott að eiga nesti í pokahorninu þegar svengdin sækir að.

# SKEMMTILEGRA NESTI

**HOLLARI MILLIBITI** *Það getur orðið leiðigjarnt að vera með sama naslið með sér í vinnuna dag eftir dag. Hér eru nokkrar hugmyndir að góðu nesti.*

Flestir kannast við að hungrið sverfi að þegar klukkan fer að nálgast þrjú á venjulegum vinnudegi. Þá er freistandi að ná sér í eitthvað fljótlegt og gott í mötuneytinu (eða næstu sjoppu). Bæði til þess að spara sér svolítinn aur og hafa hollustuna í fyrirrúmi er sniðugt að taka með sér létt nesti til að grípa í milli mála. Mörgum finnst erfitt að finna hollt og gott snakk sem fljótlegt er að taka til (annað en poka af möndlum) en hér má finna nokkrar hugmyndir að gómsætu, frekar hollu og einföldu snakki.

### SKINKU- OG SELLERÍRÚLLUR

Skiptið þremur skinkusneiðum jafnt niður og vefjið þeim utan um sex sellerístangir. Gott er að dýfa þeim í létta sinnepssósu, Dijon-sinnep blandað við sýrðan rjóma.

### HRÖKKBRAUÐ MEÐ HNETUSMJÖRI OG BANANA

Smyrjið hrökkbrauð með hnetusmjöri og dreifið bananasneiðum jafnt yfir.

### GRÆNN DRYKKUR

Blandið einum banana, einum bolla af spínati og einum bolla af möndlumjólk saman í blandara og hellið í glas. Tilvalið orkuskot í kaffitímanum.

### HRÍSKAKA MEÐ HNETUSMJÖRI

Smyrjið hnetusmjöri á hrísköku, stráið tveimur teskeiðum af ristuðum kókosflögum og tveimur teskeiðum af þurrkuðum kirsuberjum yfir.

### TÓMATAR MEÐ OSTI

Skerið fimm kirsuberjatómata í tvennt. Deilið tveimur matskeiðum af ferskum geitaosti ofan á tómatana. Stráið tveimur teskeiðum af söxuðum kryddjurtum, svo sem steinselju eða basilíku, yfir ostinn.

### SESAM-POPP

Blandið fjórum bollum af poppkorni við hálfa teskeið af ristaðri sesamolíu og hálfa teskeið af sesamfræjum.

### SÆTAR FRANSKAR KARTÖFLUR

Skerið sætar kartöflur niður í strimla, dreifið þeim á bökunarplötu, setjið salt, pipar og ólífuolíu yfir og blandið saman. Bakið við 200°C þar til kartöflurnar hafa fengið á sig örlítið dökkan lit. Gott sem snakk milli mála og meðlæti með mat.



**SELLERÍ** er afar hollt en gott er að lífga aðeins upp á þann millibita með því að vefja skinku utan um grænmetið.



**SÆTAR KARTÖFLUR** eru ágætt nasl á milli mála.



**HREIN HOLLUSTA** Ávextir og hrein jógúrt eru góð blanda.



**GRÆNN DRYKKUR** Margar útgáfur eru til af grænum og hollum drykkjum sem tilvaldir eru sem millimál.



**GOTT MILLIMÁL** Það er skárra að fá sér popp en margt annað þegar naslþörfin tekur yfir.

### VATNSMELÓNA OG HNETUR

Blandið tveimur bollum af niðurskorinni vatnsmelónu við eina matskeið af ferskum límónusafa í skál. Stráið örlitlu af cayenne-pipar og tveimur teskeiðum af söxuðum, ósöltum, ristuðum pistasíuhnetum yfir og blandið saman.

### BRAUÐ MEÐ FERSKJUM

Smyrjið ristaða heilhveitibrauðsneið með möndlusmjöri og setjið ferskjusneiðar ofan á.

### ÁVEXTIR OG JÓGÚRT

Skerið niður ávexti og blandið saman við hreina jógúrt í skál.


UVA
ULTRA
TECHNOLOGY!
PRODERM
SUNSCREEN
MOUSSE
DURABLE
KIDS
UVB
30
HIGH SPF PROTECTION
VERY WATER RESISTANT
FOR SENSITIVE SKIN
NON GREASY/STICKY
FRAGRANCE FREE
ÖRUGG VÖRN
LANGVIRK SÓLARVÖRN FYRIR BÖRN
ÞRÓUÐ FYRIR VIÐKVÆMA NORRÆNA HÚÐ
Langvirk, vatnsheld vörn í sund, sjó og leik.
Ofnæmisprófuð með sérhæfðum sólarfiltrum fyrir húð barna.
Börn elska mjúka froðuna sem auðveldar að bera á rétt magn.
Meðmæli húðlækna - Yfir 90% UVA vörn
Patentskráð uppfinning.
Proderm sólarvörn er án parabena og inniheldur engin ilmefni, litarefni eða nanóeindir.
Fæst í apótekum, Hagkaup, Nettó og Fríhöfninni.
UVA
UVB



## BÍLL DAGSINS

**VOLVO S60**
Nýskráður 1/2001, ekinn 232 þús.km., bensín, sjálfskiptur **Verð kr. 650.000**

Tilboð kr. **399.000**



HONDA
**CR-V Executive**
Nýskráður 2/2012, ekinn 85 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 4.790.000**



PEUGEOT
**5008 Active**
Nýskráður 11/2012, ekinn 179 þús.km., dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.290.000**



HONDA
**HR-V**
Nýskráður 6/2004, ekinn 93 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 890.000**



HONDA
**Accord Sport**
Nýskráður 4/2005, ekinn 151 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.490.000**



PEUGEOT
**308 Active**
Nýskráður 12/2014, ekinn 2 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.690.000**



SUZUKI
**Grand Vitara XL-7**
Nýskráður 1/2003, ekinn 187 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 990.000**



TOYOTA
**Yaris Terra**
Nýskráður 3/2013, ekinn 83 þús.km., bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 1.790.000**



HONDA
**CR-V ES**
Nýskráður 8/2006, ekinn 168 þús.km., bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.490.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli
kl. 12:00 og 16:00

BERNHARD
NOTAÐIR BÍLAR
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

## Reiðhjól



**RAFMAGNS-REIÐHJÓL**
ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR AF ELDRI ÁRGERÐ.
VERÐ NÚ FRÁ 75.000,-
TAKMARKAÐ MAGN.
EL - BIKE.IS
Bindir & stál ehf.
Hvaleyrarbraut 39
220 Hafnarf. S. 864 9265

## Fellihýsi

Tjaldvagnar
Fellihús
Húsbílar
Hjólhýsi
Umboðssala á risasýningarsvæði á Korputorgi
Korputorg | 112 Reykjavík
Sími 551 5600 | utilegumadurinn.is
Útilegu maðurinn

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**
Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. ,99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.
Uppl. í s. 663 5315.

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 662 4010 www.vy.is

## Garðyrkja

Garðaþjónusta Íslands ehf
www.garda.is
Vönduð vinnubrögð
Róbert S. 517 5900

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

**FYRIRMYNDAR GARÐSLÁTTUR**
Ódýr og vandaður garðsláttur og trjáklippingar fyrir húsfélög og einstaklinga. Engi ehf 615-1605, grasblettur@gmail.com

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

Inni og útimálun fagmennska og vönduð vinnubrögð, án efa besta verðið. Fáðu frítt tilboð og gerðu verðsamanb. S:8587531

**MÁLNINGI**
Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

**MÁLARAMEISTARI**
Jón Ingvar Garðarsson málarameistari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald

MARKMIÐ VERKTAKAR
ALHLIÐA FASTEIGNAVIÐHALD
Smíðavinna - Pípulagnir
Raflagnir - Málningavinna
Múrviðgerðir - Flísalagnir
Hellulagnir - Jarðvinna
Lóðavinna
Tilboð þér að kostnaðarlausu.
Uppl. í síma: 820 8888




## Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímapantanir. S. 891 8727 Stella.

**SPÁSÍMI 908 7000**
Spámiðlun, tarot, fyrirbænir, algjör trúnaður. Opið til 22.



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

## KEYPT & SELT

## Til sölu



Flottur 5 m.veggkælir fyrir gos,mat,samlokur eða álegg.Snilldar lausn 990þ.stgr. Einnig vegghillur og eyjur.uppl. 820-5181




Samskipti sér um skönnun verkteikninga, ljósmynda , stóra veggspjalda, og OCR skönnun. S: 5807820 eða sendu okkur fyrirspurn á sala@samskipti.is




**ÚTSALA ÚTSALA !**
20-50% afsl. af öllum vörum verslunarinnar Ditto og Yogasmiðjunnar. Opið frá kl.14 þri 12.mai mið13 mai og föst 15 mai www.yogasmidjan.is Smiðjuvegur 4 (græn gata) Kópavogur

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**
**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Verslun




**NÝ SKEMMTILEG SENDING KOMIN**
Vinsælasta unaðsvara heims We-Vibe 4, Butt plugs, 50 Shades of Grey vörur, ástarkúlur, egg o.fl. Sendum um allt land - tökum við millifærslu, netgíró og greiðslukortum www.hush.is

## HEILSA

## Nudd

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Jera nudd. Nýtt nýtt slakandi fótanudd, stoðkerfi og höfuð. S. 659 9277

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

**VEIÐILEYFI TIL SÖLU Í**
Staðará á Snæfellsnesi fyrir landi Traða og í vatnasvæði Lýsu (veiðihús) Lax og sjóbirtingur. S. 893 4515 og tradir.net

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði
Funahöfða 17a-19, Reykjavík
Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi
VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**
Kistumelar 16, 116 Reykjavík
165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.
**Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031**

## Atvinnuhúsnæði

**TIL LEIGU OG SÖLU**
Ný 50 m2 bil í Steinhellu 14. Mikil lofthæð. Góðir gluggar og hurðir. Fyrir frístundir eða lítinn rekstur. S: 661-6800 og 564-6500

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## ATVINNA

## Atvinna í boði

Óska eftir vönum smiðum, mikil vinna og góða laun í boði fyrir rétta menn. Uppl. í s. 615 2500

Vanan sjómann vantar á dragnótar bát sem rær frá Suðurnesjum. Uppl. í s. 847 8182

## TILKYNNINGAR

## Fundir

**AÐALFUNDUR 2015**

**NORRÆNA FÉLAGIÐ Á AKUREYRI**
heldur aðalfund sinn þriðjudaginn 19. maí 2015. Fundurinn verður haldinn í Glerárgötu 26, 2. hæð og hefst kl. 20.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf

Kosning stjórnar

Önnur mál.

Félagar eru hvattir til að mæta og taka virkan þátt í starfi félagsins.

Nýir félagar velkomnir.
**Stjórn Norræna félagsins**

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

Íslensk kona býður upp á dekur. Gefur upp símanúmer. Rauða Torgið,6sími 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8825

Kona vill kynnast konu sem gæti orðið kærasta með tímanum.Rauða Torgið, sími 905-2000 og 535-9920, augl. nr. 8478.

Kona um fimmtugt vill kynnast karlmanni, 50+. Leitar að vinskap með meiru. Rauða Torgið,6sími 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8804.

Dómínerandi karlmaður leitar kynna við karlmann. Rauða Torgið,6sími 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8468.





**HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN Í FRÉTTABLAÐINU**

Fréttablaðið er mest lesna dagblaðið með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*

Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Hafðu fjölpóstinn þinn inni í Fréttablaðinu.
Það er áhrifarík leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448
eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára





## atvinna

SKJÓL EIR

### Framkvæmdastjóri rekstrarsviðs

**Skjól og Eir hjúkrunarheimili og dótturfélög Eirar auglýsa lausa stöðu framkvæmdastjóra rekstrarsviðs**

**Starfssvið** :
- Yfirumsjón og dagleg stjórnun sviðsins
- Gerð fjárhags- og greiðsluáætlana
- Ábyrgð á öryggismálum og yfirumsjón með eignum
- Samskipti við stjórnvöld og hagsmunaaðila
- Aðkoma að verklegum framkvæmdum
- Sæti í framkvæmdastjórn

**Hæfniskröfur** :
- Stjórnunarreynsla
- Þekking á stjórnsýslu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Reynsla af verkefnastjórnun
- Þekking á fasteigna- og leigumarkaði
- Reynsla af bygginga- og viðhaldsmálum

**Umsóknafrestur er 20. maí 2015.**

Nánari upplýsingar veitir
Edda Björk Arnardóttir skrifstofustjóri,
í síma 522 5700 eða **edda@eir.is**

Umsóknum má skila rafrænt á
**edda@eir.is** eða á skrifstofu Eirar,
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík.

## fasteignir




**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

### Brekkuhlíð 12 - Hafnarfirði

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög fallegt 165,8 fm parhús á tveimur hæðum ásamt 33,6 fm bílskúr samtals 199,4 fm. Fallegar samstæðar Kirsuberja innréttingar. Gegnheilt eikarparket og flísar á gólfum. Á neðri hæð eru forstofa, þvottahús, gangur, 3 svefnherbergi, baðherbergi, eldhús og stofa. Á efri hæð eru rúmgott sjónvarpshol og stórt herbergi. Ræktuð lóð með viðarveröndum. **Verð 53,8 millj. Verið velkomin.**

**TRAUSTI fasteignasala**



***Guðbjörg G. Sveinbjörnsdóttir***
*Löggiltur fasteignasali*



***Kristján Baldursson hdl.***
*Löggiltur fasteignasali og leigumiðlari*

### Ásvallagata 44, 101 Reykjavík




**Opið hús í dag, þriðjudaginn 12. maí kl. 17:30 - 18:00**
**Fjögurra herbergja sérhæð á þessum vinsæla stað.**
Á síðustu árum hefur mikið verið gert fyrir húsið t.d. hefur þak verið endurnýjað, skipt um glugga þar sem þörf var á, sprunguviðgerðir og vatnsvörn á múr og tréverk málað. **Verð: 44.5 m. - Stærð: 110,7 fm.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

## SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**

## RÁÐGJAFI Í ÞJÓNUSTUMÓTTÖKU VOLVO ATVINNUTÆKJASVIÐS BRIMBORGAR

**Brimborg leitar að öflugum ráðgjafa með jákvætt hugarfar og metnað í framtíðarstarf í þjónustumóttöku Volvo vörubílaverkstæðis.**

Frekari upplýsingar veitir Jóhann Rúnar í síma 515 7072

*Sæktu um núna á www.brimborg.is*

*Umsóknarfrestur er til 19.maí 2015.*

brimborg *Öruggur staður til að vera á*

## Til Sölu

### Tilboð óskast í sumarhús til flutnings,

**staðsett á lóð Fjölbrautaskóla Suðurnesja og byggt af nemendum og kennurum FSS síðastliðið skólaár.**



**V20006 – Sala.** Um er að ræða timburhús 56 m² að grunnfleti með millilofti sem reiknast um 7 m² en er um 25 m². Húsið er fullklárað að utan og veggir að innan eru klæddir með gipsi og loft eru panelklædd. Á gólfi er 22mm gólfplötur. Húsið er án endanlegra gólfefna innréttinga og innihurða. Rafmagn er fullklárað með tilbúinni rafmagnstöflu. Húsið er klætt að utan með 32mm bjálkaklæðningu. Það er einangrað með 200mm steinull í gólfi , 150mm ull í útveggjum og þak er einangrað með 200mm ull. Gluggar eru allir með tvöföldu k-gleri.

Húsið verður til sýnis í samráði við Gunnar Valdimarsson í síma 899 5163 og Ríkiskaup í síma 530 1400.

Tilboðseyðublöð og byggingarlýsing liggja frammi á sama stað og í afgreiðslu Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík.

**Tilboð skulu berast Ríkiskaupum fyrir kl. 10.00 þann 26. maí 2015 þar sem þau verða opnuð í viðurvist bjóðenda er þess óska.**

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP

## tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Umhverfis- og skipulagssvið

### Hverfisskipulag Breiðholts - verklýsing

Vegna fyrirhugaðrar vinnu við hverfisskipulag fyrir Breiðholt – Borgarhluta 6, er nú til kynningar verkefnislýsing sbr. 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga. Verklýsingin hefur fengið vinnuheitið "Breiðholt - verklýsing fyrir hverfisskipulag" og nær til eftirfarandi hverfa; **Neðra Breiðholt, Seljahverfi og Efra Breiðholt**, sjá nánar afmörkun skipulagssvæðis í verklýsingu. Hverfisskipulag fyrir Breiðholt er hluti af áætlun í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010 -2030 um að vinna hverfisskipulag fyrir öll gróin hverfi í Reykjavík. Helstu markmið hverfisskipulagsins er að stuðla að sjálfbærum og vistvænum lausnum, sameina ólíkar deiliskipulagsáætlanir í hverfunum í eitt heildarskipulag og að auðvelda íbúum að sækja um smábreytingar á sínum fasteignum. Verklýsingin er orðin aðgengileg á vefnum; ***http://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu*** og eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér hana. Ábendingum og athugasemdum við verklýsinguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en 11. júní 2015. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 12. maí 2015
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, www.reykjavik.is

# TÍMAMÓT

## MERKISATBURÐIR

**1191** Ríkharður ljónshjarta gengur að eiga Berengaríu af Navarra og hún er krýnd drottning sama dag.

**1870** Fyrstu Vesturfararnir, fjórir Íslendingar, leggja af stað frá Eyrarbakka og koma til Quebec í Kanada 18. eða 19. júní.

**1882** Konur fá takmarkaðan kosningarétt til sveitarstjórna. Eingöngu ekkjur og ógiftar konur sem orðnar voru 25 ára máttu kjósa, en giftar konur ekki.

**1916** Hásetaverkfalli lýkur eftir að hafa staðið í tvær vikur. Þetta var fyrsta verkfall á Íslandi sem bar nokkurn árangur.

**1990** Ásgeir Sigurvinsson lýkur ferli sínum sem atvinnuknattspyrnumaður, en hann hófst 1973.

# Fagnaði afmælinu lengi vel tólfta hvers mánaðar

Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstri grænna í Reykjavík og forseti borgarstjórnar, heldur upp á fjörutíu og eins árs afmælið á ráðstefnu um fjölmenningu í borgum í Ósló í dag.



**AFMÆLISBARN** Sóley heldur upp á afmælið á ráðstefnu í Osló. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sóley Tómasdóttir, oddviti Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í borgarstjórn Reykjavíkur og forseti borgarstjórnar er fædd í Reykjavík á þessum degi árið 1974 og fagnar því fjörutíu og eins árs afmæli í dag.

Sóley hélt upp á fertugsafmælið með pompi og prakt í fyrra, enda mikið afmælisbarn að eigin sögn. „Mér finnst mjög gaman að eiga afmæli og þakka fyrir hvert ár sem bætist við,“ segir hún glöð í bragði. Sóley er að eigin sögn ekki mikið gefin fyrir hefðir og því engir sérstakir fastir liðir þegar að afmælum kemur, áherslan er fyrst og fremst lögð á það að njóta dagsins.

Þegar hún var yngri að árum þótti henni eðlilegt að halda upp á tólfta hvers mánaðar í tilefni afmælisins og tók fjölskyldan þátt í þeim hátíðarhöldum.

„Þá var það þannig um tíma að fjölskyldan varð að fagna tólfta hvers mánaðar,“ segir hún hlæjandi og bætir við að hún hafi nú látið af þeim sið fyrir allnokkrum árum.

Líkt og áður sagði hélt Sóley upp á stórafmæli í fyrra og bauð þá til veglegrar veislu, hátíðarhöldin verða minni í sniðum þetta árið en Sóley er stödd í Noregi á afmælisdaginn.

„Ég ætla að halda upp á það á ráðstefnu í Ósló þar sem ég mun ræða um fjölmenningu í borgum og hlakka mikið til,“ segir hún og bætir við að ráðstefnan sé spennandi og hún geri ráð fyrir að hún muni koma sér og borginni til góða. „Verri afmælisdag er nú hægt að hugsa sér,“ segir hún glöð í bragði að lokum.

gydaloa@frettabladid.is

➜ Mér finnst mjög gaman að eiga afmæli og þakka fyrir hvert ár sem bætist við.

---



Yndisleg móðir okkar,

**ÞÓRUNN KJARTANSDÓTTIR**
**Aflagranda 40, Reykjavík,**

sem lést 7. maí sl., verður jarðsungin frá Háteigskirkju föstudaginn 15. maí kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Kristín Lárusdóttir** **Guðjón Hilmarsson**
**Ragnheiður Lárusdóttir** **Sigurður Dagsson**
**Kjartan Lárusson** **Anna Karlsdóttir**
**Guðmundur Lárusson** **Birna Smith**
**Steinn Lárusson** **Hrafnhildur Sigurbergsdóttir**
**og ömmubörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HULDÍS GUÐRÚN ANNELSDÓTTIR**
**síðast til heimilis að Vesturgötu 7, Reykjavík,**

lést 30. apríl síðastliðinn. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 15. maí, kl. 13.

**Þorsteinn R. Þorsteinsson** **Ágústa Bárðardóttir**
**Unnur Þorsteinsson**
**Annel B. Þorsteinsson** **Guðrún Sigurðardóttir**
**Guðmundur M. Þorsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, sonur, tengdasonur, bróðir og mágur,

**ÓSKAR GUÐJÓN EINARSSON**
**frá Sandgerði,**

verður jarðsunginn frá Safnaðarheimilinu í Sandgerði miðvikudaginn 13. maí kl. 13.00.

**Margarita Cruz Ramos**
**Rósa María Óskarsdóttir**
**Hinrik Jóhann Óskarsson**
**Marlenis Peniche**
**Einar S. Guðjónsson** **Sigurbjörg Ólafsdóttir**
**systkini og ástvinir.**

---



Hjartkær bróðir okkar,

**ÓSKAR ANTONÍUSSON**
**frá Berunesi,**
**Hrafnistu, Hjúkrunarheimili DAS Reykjavík,**

varð bráðkvaddur á heimili sínu þriðjudaginn 5. maí. Útför hans verður gerð frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 13. maí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á MS-félag Íslands.

**Hanna Sigríður Antoníusdóttir**
**Stefanía Ólöf Antoníusdóttir**
**Anna Antoníusdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**RAGNAR GUÐNI GUNNARSSON**
**Einigrund 7, Akranesi,**

lést á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili á Akranesi, sunnudaginn 3. maí. Útförin fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 21. maí kl. 14. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimili.

**Petra Jónsdóttir**
**Ragnheiður Ragnarsdóttir**
**Rósa Ragnarsdóttir** **Sigurður Valur Sigurðsson**
**Björn Ragnarsson** **Þuríður Þórðardóttir**
**Gunnar Ragnarsson**
**Elísabet Ragnarsdóttir** **Jóhann Jóhannsson**
**Lilja Ragnarsdóttir** **Ívar Agnar Rudolfsson**
**og afabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar og tengdafaðir,

**BÓAS GUNNARSSON**
**Stuðlum í Mývatnssveit,**

lést á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga laugardaginn 9. maí. Útför hans verður gerð frá Reykjahlíðarkirkju föstudaginn 22. maí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Hvamm, heimili aldraðra á Húsavík, njóta þess.

**Margrét Bóasdóttir** **Kristján Valur Ingólfsson**
**Hinrik Árni Bóasson** **Guðbjörg Ásdís Ingólfsdóttir**
**Gunnar Bóasson** **Friðrika Guðjónsdóttir**
**Sólveig Anna Bóasdóttir** **Baldur Tumi Baldursson**
**Ólöf Valgerður Bóasdóttir** **Helgi Bjarnason**
**Sigfús Haraldur Bóasson** **Þóra Fríður Björnsdóttir**
**Bóas Börkur Bóasson** **Eyja Elísabet Einarsdóttir**
**Ragnheiður Bóasdóttir** **Guðmundur Ingi Gústavsson**
**Birgitta Bóasdóttir** **Hentzia í Lágabö**

---



Elskuleg eiginkona, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**HELGA FINNSDÓTTIR**
**Lynghaga 16,**

lést miðvikudaginn 22. apríl á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Við þökkum auðsýnda samúð og hlýhug vegna fráfalls hennar.

**Björn G. Ólafsson**
**Ragnhildur Magnúsdóttir** **Sveinbjörn Imsland**
**Guðrún Ása Björnsdóttir** **Halldór Benjamín Þorbergsson**
**Ólafur Darri Björnsson**
**og barnabörn.**

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**RAGNA Þ. KRISTJÁNSDÓTTIR**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann 23. apríl, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 13. maí kl. 13.00.

**Ragnheiður Ármannsdóttir**
**Sigríður Ármannsdóttir**
**Sigurður Ármannsson** **Kristján Ármannsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓN PÁLL VILMAR GUÐMUNDSSON**
**frá Hafnarfirði,**

lést á Dvalarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði þriðjudaginn 5. maí. Hann verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 13. maí kl. 13.00.

**Valgerður Braun** **Cal Braun**
**Guðmundur Ingi Jónsson** **Bjarney Ólöf Gunnarsdóttir**
**Íris Kröyer Jónsdóttir** **Gísli Harðarson**
**María Dröfn Jónsdóttir**
**Þór Viðar Jónsson**
**barnabörn og langafabörn.**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru eiginkonu, móður, tengdamóður, tengdadóttur, ömmu og langömmu,

**NÖNNU SIGRÍÐAR OTTÓSDÓTTUR**
**sjúkraliða,**
**Smyrlahrauni 44,**
**Hafnarfirði,**

sem lést 20. apríl.

**Bjarnar Ingimarsson**
**Jóhann Guðni Bjarnarsson** **Þórunn Huld Ægisdóttir**
**Guðný Bjarnarsdóttir** **Karl Óskar Magnússon**
**Ingibjörg Bjarnarsdóttir** **Sigurður Pétur Sigurðsson**
**Ottó Albert Bjarnarsson**
**Guðný Jóna Þorbjörnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**KAJ ERIK NIELSEN**

lést á Landspítalanum í Reykjavík fimmtudaginn 7. maí. Hann verður jarðsunginn frá Kópavogskirkju föstudaginn 15. maí kl. 13.00.

**Pálína Sigþrúður Einarsdóttir Höjgaard**
**Unnur Þorsteinsdóttir** **Ásmundur Eiríksson**
**Halldór Eiríksson Nielsen** **Anna Jóna Þórðardóttir**
**Elísa Eiríksdóttir Nielsen** **Björn Ágúst Björnsson**
**Agnes Margrét Eiríksdóttir** **Vilhjálmur Jónsson**
**Nanna Herdís Eiríksdóttir** **Gunnar Snorri Gunnarsson**
**Ólöf Stefanía Eiríksdóttir** **Kristján Gunnarsson**
**Eiríkur Eiríksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


VÖNDUÐ SKRIFSTOFUHÚSGÖGN
Á MIKLU BETRA VERÐI
PRIMA SKRIFBORÐ
120x80cm eða 150x80cm
Með eða án rafmagnsfóta
Til í hvítu, beyki, hlyn,
kirsuberja, gráu og eik.
Verð frá kr. 34.200.-
ALU BASIC
SKRIFBORÐSSTÓLL
Blár, grár eða svartur
Verð kr. 53.800,-
TOP-PRO
SKRIFBORÐSSTÓLL
Blár, grár, svartur
eða rauður
Verð kr. 29.900 kr,-
SITNESS 20
HEILSUKOLLUR
Rauður, fjólublár, blár,
appelsínugulur, ljósgrænn,
grænn, gulur, grár og svartur
Verð kr. 42.700,-
PRIMA MÖPPUHILLUR
Breidd 89cm
Dýpt 40cm
Hæð: 113cm,
185,5 eða 221,5 cm
Opnir eða með
hurðum/skúffum
Til í hvítu, beyki, hlyn,
kirsuberja, gráu eða eik.
Verð frá kr. 29.800,-
Hirzlan
Smiðsbúð 6, 210 Garðabæ, Sími 564 5040
www.hirzlan.is
Topstar
tvilum

# Veðurspá

## Þriðjudagur

Í dag dregur úr norðanáttinni og léttir til um norðaustanvert landið. Það verður áfram kalt í veðri, og einungis útlit fyrir 5-6 stiga hita syðst, og áframhaldandi frost fyrir norðan.






## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 9° | 4° | 10° |
| ↑7 | ↑8 | ↑6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 6° | 6° | 1° |
| ↑11 | ↖10 | ↖28 |



## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT**
**2.** mats, **6.** Í röð, **8.** fálm, **9.** skst., **11.** í röð, **12.** hljóðfæri, **14.** spaug, **16.** átt, **17.** skref, **18.** fornafn, **20.** bókstafur, **21.** stígur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** trappa, **3.** org, **4.** sósa, **5.** stykki, **7.** skór, **10.** kosning, **13.** gogg, **15.** baklaf á flík, **16.** smáskilaboð, **19.** holskrúfa.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** dóms, **6.** rs, **8.** pat, **9.** etv, **11.** jk, **12.** píanó, **14.** glens, **16.** sv, **17.** fet, **18.** mér, **20.** sé, **21.** slóð.
**LÓÐRÉTT: 1.** þrep, **3.** óp, **4.** majónes, **5.** stk, **7.** stígvél, **10.** val, **13.** nef, **15.** stél, **16.** sms, **19.** ró.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Davíð Kjartansson (2.364) hafði hvítt gegn Lenku Ptácníková (2.242) í áskorendaflokki Íslandsmótsins í skák.**

**Hvítur á leik**

14. Hxe4! dxe4 15. Dg3 Rh5 16. Dh3 g6 17. Rxc6! Rd7 (17.... Rxc6 18. Re5) 18. R6e5 Rhf6 19. Bf4 0-0-0 20. c6 Rh5 21. cxd7+ Kb7 22. Db3+ og svartur gafst upp.

**www.skak.is:** Tveir dagar í Íslandsmót.



# Myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Øverli




### GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 8 | | | | 7 | | 1 |
| | | | 3 | | 4 | 8 | 2 | 9 |
| | 1 | | | 7 | | | | |
| 6 | | 1 | 4 | | | | 5 | |
| 7 | 8 | | 5 | 9 | 3 | | | |
| | | | 7 | 6 | | | 8 | |
| | | | 9 | | 5 | 1 | | 4 |
| | 7 | | 1 | 2 | 6 | 5 | 9 | |
| | 5 | | | | | | | 6 |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | 8 | | | |
| 8 | | | | | | 7 | | |
| 3 | | | 7 | | 1 | | | 4 |
| | 7 | 3 | | 6 | | 5 | | 1 |
| 9 | | | 3 | | 7 | | 6 | |
| | 4 | | 9 | | | | | |
| | | 4 | | | | 2 | 8 | |
| | 5 | | | 2 | 6 | 9 | 3 | |
| 7 | | 9 | | | | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 3 | | | | | | | 4 |
| | | 9 | | | | | | 2 |
| 4 | | | | | | 3 | 8 | |
| | 8 | | | | | 6 | | |
| | | 2 | 7 | 3 | | | | 5 |
| 1 | | | 8 | 4 | | 2 | | 7 |
| 8 | 4 | 7 | 2 | 5 | | | | |
| | | | | | | | 5 | |
| 3 | 1 | | 4 | | 8 | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 9 | 2 | 3 | 6 | 4 | 7 | 1 | 5 |
| 6 | 3 | 1 | 5 | 7 | 2 | 8 | 9 | 4 |
| 7 | 4 | 5 | 8 | 1 | 9 | 6 | 2 | 3 |
| 9 | 5 | 3 | 1 | 4 | 7 | 2 | 6 | 8 |
| 4 | 8 | 6 | 9 | 2 | 5 | 1 | 3 | 7 |
| 1 | 2 | 7 | 6 | 8 | 3 | 4 | 5 | 9 |
| 2 | 6 | 9 | 4 | 5 | 8 | 3 | 7 | 1 |
| 3 | 1 | 4 | 7 | 9 | 6 | 5 | 8 | 2 |
| 5 | 7 | 8 | 2 | 3 | 1 | 9 | 4 | 6 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 6 | 7 | 4 | 2 | 9 | 1 | 5 | 3 |
| 2 | 9 | 1 | 3 | 7 | 5 | 6 | 4 | 8 |
| 3 | 4 | 5 | 6 | 8 | 1 | 7 | 2 | 9 |
| 1 | 2 | 4 | 7 | 9 | 6 | 8 | 3 | 5 |
| 9 | 7 | 3 | 8 | 5 | 4 | 2 | 6 | 1 |
| 5 | 8 | 6 | 1 | 3 | 2 | 4 | 9 | 7 |
| 4 | 5 | 2 | 9 | 1 | 8 | 3 | 7 | 6 |
| 6 | 3 | 8 | 5 | 4 | 7 | 9 | 1 | 2 |
| 7 | 1 | 9 | 2 | 6 | 3 | 5 | 8 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 1 | 5 | 4 | 3 | 6 | 8 | 2 | 7 |
| 2 | 4 | 7 | 5 | 9 | 8 | 3 | 1 | 6 |
| 3 | 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 4 | 5 | 9 |
| 1 | 3 | 9 | 6 | 2 | 4 | 5 | 7 | 8 |
| 8 | 5 | 2 | 9 | 7 | 1 | 6 | 3 | 4 |
| 4 | 7 | 6 | 3 | 8 | 5 | 1 | 9 | 2 |
| 5 | 2 | 1 | 8 | 4 | 9 | 7 | 6 | 3 |
| 6 | 8 | 3 | 2 | 5 | 7 | 9 | 4 | 1 |
| 7 | 9 | 4 | 1 | 6 | 3 | 2 | 8 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## 120GB OG 240GB SSD DISKAR

# 48 TÍMA TILBOÐ




240GB
**17.995 KR.**
VENJULEGT VERÐ 23.995 KR.

120GB
**11.995 KR.**
VENJULEGT VERÐ 15.995 KR.

CORSAIR®

# 25% AFSLÁTTUR Í 48 TÍMA!

**TRAUSTIR CORSAIR SSD DISKAR SEM STÓRAUKA HRAÐA OG AFKÖST TÖLVUNNAR.**

- Aðeins 7 mm. á hæð. Passar í þunnar fartölvur
- Einföld uppsetning og hugbúnaður fylgir
- Betri orkunýting
- Virkar fyrir PC og MAC

Tilboðið gildir til kl. 8:00 fimmtudagsmorgun 14. maí í verslunum og www.tl.is




tl.is

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 3333 |

# Ítalskur lax með fetaostsósu

**Lax**
- 600 g lax (eða blanda af laxi og þorski)
- sólþurrkaðir tómatar í olíu, magn eftir smekk
- 1 hvítlauksrif
- gróft salt
- 10 kartöflur
- klettasalat

Hitið ofninn í 225°C. Afhýðið kartöflurnar, skerið í bita og dreifið úr þeim á ofnplötu sem hefur verið klædd með bökunarpappír. Setjið hálfan desilítra af olíunni af sólþurrkuðu tómötunum í skál og pressið hvítlauksrifið í olíuna. Hellið olíunni yfir kartöflurnar og setjið í ofninn í um 20 mínútur.

Skerið laxinn (og þorskinn sé hann notaður) í bita sem eru um 2×2 cm að stærð. Þegar kartöflurnar hafa verið í ofninum í 20 mínútur er laxinum bætt á ofnplötuna, nokkrum matskeiðum af olíunni af sólþurrkuðu tómötunum skvett yfir ásamt grófu salti og sett aftur í ofninn í 10 mínútur til viðbótar. Þegar laxinn og kartöflurnar koma úr ofninum er hökkuðum, sólþurrkuðum tómötum stráð yfir ásamt klettasalati. Setjið réttinn á fallegt fat og berið fram með fetaostasósu.

**Fetaostsósa**
- 1 dl sýrður rjómi
- 100 g fetakubbur
- ½ hvítlauksrif, pressað
- Salt
- Ítalskt salatkrydd

Myljið fetaostinn og hrærið saman við sýrða rjómann. Pressið hvítlaukinn saman við og smakkið til með salti og ítölsku salatkryddi. Geymið í ísskáp þar til sósan er borin fram.



*Uppskrift fengin af Ljufmeti.com.*



**FÆR GÓÐA SUMMU** Leikkonan Jennifer Lawrence er sjálfsagt einna best þekkt fyrir hlutverk sitt í Hunger Games-myndunum. NORDICPHOTOS/GETTY

## Lawrence launahá

Leikkonan Jennifer Lawrence hefur skrifað upp á samning þess efnis að hún fái 20 milljónir Bandaríkjadala fyrir hlutverk sitt í myndinni Passengers.

Auk Lawrence hefur verið tilkynnt að Chris Pratt fari einnig með aðalhlutverk í myndinni en Lawrence fær tvisvar sinnum hærri laun fyrir framlag sitt.

Samningurinn hefur komið leikkonunni í hóp leikara á borð við Leonardo DiCaprio, Bradley Cooper og Robert Downey Jr. sem allir þiggja dágóðar summur fyrir verkefni sín.

Þessi tíðindi koma stuttu eftir umræðu um launamun kynjanna í Hollywood þegar tölvupóstar frá Sony láku á internetið og kunngert var að Lawrence og Amy Adams fengju lægri laun en karlkyns mótleikarar þeirra í myndinni American Hustle.

Framleiðsla á Passengers er ekki hafin en myndinni verður leikstýrt af Susanne Bier.

# Skoðuðu twerk og Beyoncé fyrir verkið #PRIVATEPUSSY

**Samtímadansverkið #PRIVATEPUSSY, sýning útskriftarnema af samtímadansbraut LHÍ, spyr spurninga um birtingarmynd konunnar og kvenlíkamans í nútímasamfélagi og í poppmenningu. Verkið er sýnt í vikunni.**



> Við tókum til dæmis Beyoncé og allar þessar poppdrottningar. Rannsökuðum hreyfingarnar og tilvitnanir.

**SKOÐUÐU BEYONCÉ** Sveinbjörg Þórhallsdóttir, lektor og fagstjóri samtímadansbrautar Listaháskóla Íslands, er annar danshöfunda #PRIVATEPUSSY. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Þetta er svakalega viðeigandi og current á okkar tíma. Free the Nipple nýbúið að vera í umræðunni og Free the Pussy að koma upp á yfirborðið og við erum nákvæmlega að fjalla um þessi málefni,“ segir Sveinbjörg Þórhallsdóttir, lektor og fagstjóri samtímadansbrautar Listaháskóla Íslands.

Hún, ásamt Steinunni Ketilsdóttur, er danshöfundur samtímadansverksins #PRIVATEPUSSY, annarrar sýningar útskriftarnema af samtímadansbraut LHÍ, en útskriftarhópurinn setur einnig upp sýninguna A life in Muscle eftir Tony Vezich. „Þetta er rosalega sterkur hópur samtímadansara, sterkar konur,“ segir Sveinbjörg stolt en þetta er jafnframt þriðja verkið sem Sveinbjörg og Steinunn vinna saman að og fjallar um baráttumál konunnar.

#PRIVATEPUSSY spyr spurninga um birtingarmynd konunnar og kvenlíkamans í nútímasamfélagi og fjallar um stöðu og birtingarmynd hennar í poppmenningu. Free the Nipple-byltingin átti sér stað á Twitter á sama tíma og verkið var í vinnslu en þar birtu íslenskar konur myndir af brjóstum sínum meðal annars til þess að mótmæla kynvæðingu brjósta. „Free the Nipple kemur bara inn í mitt tímabil hjá okkur þar sem við erum að fjalla um þessi málefni. Við vorum að gera senu þar sem þær voru allar berar að ofan og þetta átti svona vel við,“ segir hún og bætir við að það hafi enn frekar styrkt að verkið væri í takt við tímann.

Talsverð hugmynda- og rannsóknarvinna liggur að baki dansverkum og er engin undantekning þar á í #PRIVATEPUSSY, en Sveinbjörg segir þær Steinunni og dansarana í verkinu meðal annars hafa lagst yfir poppmenningu og skoðað þekktustu poppstjörnur samtímans nánar. „Við tókum til dæmis Beyoncé og allar þessar poppdrottningar. Rannsökuðum hreyfingarnar og tilvitnanirnar,“ segir hún og bætir við: „Þær hafa svo ofboðslega mótandi áhrif á samfélagið sitt og þau geta verið misgóð og misvísandi skilaboð,“ segir Sveinbjörg, en hún segir meðal annars mikið hafa verið unnið með twerk og aðrar hreyfingar sem áberandi eru í tónlistarmyndböndum.

Tónlistin í sýningunni er eftir Áskel Harðarson og er það útskriftarverk hans úr tónsmíðum. Ókeypis er inn á báðar sýningarnar en panta þarf miða á midisvidslist@lhi.is. Verkin verða sýnd í Gamla bíói á fimmtudag og föstudag klukkan fimm og átta.

gydaloa@frettabladid.is



# Hollywoodstjarna í heimsókn hér á landi

**Hollywood-leikarinn Channing Tatum er staddur hér á landi ásamt félögum sínum og ætlar að skoða náttúrufegurð landsins. Hann naut lífsins í miðbæ Reykjavíkur í gær og þótti einkar viðkunnanlegur.**

Hollywood-leikarinn og sjarmatröllið Channing Tatum lenti hér á landi í gærmorgun. „Það tók enginn eftir því að þetta var hann og því var enginn að ónáða hann,“ segir Marteinn Pétur Urbancic, starfsmaður á bílaleigu á Keflavíkurflugvelli, en hann varð vitni að því þegar Tatum lenti hér á landi.

„Við vorum að ná í vinkonu okkar upp á flugvöll sem var að koma frá New York og þegar hún kom út vildi hún bíða aðeins á flugvellinum vegna þess að hún sá að Channing Tatum var með henni í flugvélinni,“ bæti Marteinn við. Tatum er best þekktur fyrir leik sinn í kvikmyndum á borð við, 21 Jump Street, Magic Mike og Step up.

Vinkona Marteins, Kaitlyn Culotta, fékk mynd af sér með Tatum og náði hún einnig að spjalla við stjörnuna sem henni þótti einkar viðkunnanleg. „Hann var víst mjög almennilegur.“



Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins ætlar Tatum að dvelja hér á landi í tíu daga. „Hann er hér ásamt nokkrum félögum sínum og þeir ætla skoða náttúruna og jökla,“ bætir Marteinn við. Einn af félögum Tatums sem er hér með honum er leikarinn Adam Rodriguez, en hann lék ásamt Tatum í myndinni Magic Mike og þá hefur hann meðal annars leikið í þáttum á borð við CSI: Miami og Law & Order. „Vinkona mín sat fyrir aftan Rodriguez í flugvélinni og rak upp stór augu þegar hún sá hann og fékk mynd af sér með honum. Á meðan sú mynd var tekin, rak hún upp enn stærri augu þegar hún sá að Tatum var einnig í vélinni,“ bætir Marteinn við.

Tatum sást á vappi í miðbæ Reykjavíkur í gærdag og leyfði fólki að taka myndir af sér með honum. - glp



**GAMAN SAMAN** Kaitlyn Culotta var alsæl með að fá mynd af sér með leikaranum flotta. MYND/KAITLYN CULOTTA



**GAF ÚT BÓK** Kim Kardashian gaf út heila bók með sjálfsmyndum en bókin ber nafnið Selfish. NORDICPHOTOS/GETTY

## Kim fann fleiri sjálfsmyndir

Kim Kardashian West gaf á dögunum út bókina Selfish sem er safn af sjálfsmyndum, en hún hefur einkar gaman af því að taka slíkar myndir.

Af nógu var að taka en einhverjar myndir fóru fram hjá Kardashian við vinnslu bókarinnar og tilkynnti Kardashian á Twitter-reikningi sínum að hún væri alveg miður sín yfir því að hún hefði fundið frábærar sjálfsmyndir frá því hún keyrði systur sína Khloe í fangelsi sem ekki hefðu ratað í bókina.

Kardashian sagðist mjög leið, þetta væru frábærar myndir og leitaði hún ráða hjá aðdáendum sínum um hvað hún ætti til bragðs að taka, hvort hún ætti að birta þær á netinu eða bæta þeim við í endurprenti af bókinni, þær væru einfaldlega of góðar til þess að þær fengju ekki að líta dagsins ljós og auk þess vektu þær upp minningar.

Áhugasamir geta fjárfest í bókinni á vefsíðunni Amazon.com.



**KÁTUR KANYE** Rapparinn brosti sínu blíðasta á körfuboltaleik.

## Kanye West sást brosandi

Rapparinn, upptökustjórinn og tónlistarmógúllinn Kanye West vakti athygli fjölmiðla vestanhafs um helgina þegar hann sást brosa á körfuboltaleik. West, sem þykir ekkert sérstaklega brosmildur, var þá staddur á leik Chicago Bulls og Cleveland Cavaliers. West var að tala við Scottie Pippen, fyrrverandi leikmann Bulls, og brosti yfir því sem stjarnan gamla sagði. En á myndbandi sem gengur um netheima virðist West horfa í myndavélina og átta sig á því að hann er brosandi. Við það verður hann mun alvarlegri og telja fjölmiðlar hann einfaldlega ekki hafa viljað brosa framan í myndavélina.



eva
Laugavegi 26 | s.512 1715 | ntc.is | facebook / verslunin.eva | Instagram / verslunineva

# Skyrið mitt, skyrið þitt

**BAKPANKAR**
Söru
McMahon



Skandínavíski mjólkurrisinn Arla hóf nýverið að markaðssetja „Icelandic styled skyr“ í Bretlandi. Maður hefði haldið að Íslendingar yrðu glaðir að deila skyrinu sínu með heimsbyggðinni líkt og heimsbyggðin hefur deilt mozzarella-osti, hráskinku og cheddar með okkur, en svo var ekki. Þess í stað jusu Íslendingar skömmum yfir risann á Facebook-síðu Arla Skyr og fannst fyrirtækið heldur ósvífið að ætla sér að koma skyrinu á erlenda markaði. Meira að segja markaðsstjóri Mjólkursamsölunnar lagði orð í belg.

**REYNDAR** fór það nokkuð fyrir brjóstið á sumum að Arla hafi haldið því fram á samfélagsmiðlum að skyrið væri framleitt á Höfn í Hornafirði, og er það vel skiljanlegt því fyrirtæki eiga auðvitað ekki að ljúga að neytendum. En hitt er annað mál að Arla má framleiða og selja skyr, alveg eins og við framleiðum brie eða fetaost – sem, ólíkt skyrinu, er lögverndað vöruheiti með upprunа- eða staðarvísun (fetaostur má aðeins kallast fetaostur sé hann framleiddur á tilteknum svæðum í Grikklandi og úr grísku hráefni).

**ÞAÐ** eru reyndar nokkur ár síðan uppi voru umræður um hvort íslenska skyrið ætti að njóta lögverndunar sem landfræðileg merking og hvort gera ætti tvíhliða samning við Evrópusambandið þess efnis, skyldi Ísland ganga í sambandið. En ekkert virðist hafa orðið úr því. Hefðu slíkir samningar verið gerðir mættu aðeins íslensk fyrirtæki framleiða og selja skyr. En á móti hefði MS til dæmis þurft að hætta notkun vöruheita á borð við feta, sem hefur verið lögverndað afurð frá árinu 2002.

**SÉ** litið á björtu hliðarnar, þá getur þjóðin loks státað sig af því að eiga vöru sem öðrum en okkur þykir bragðgóð. Er ekki sagt að stæling sé einlægasta lofið?

# Tíkall í krukkuna hvern dag

**Eva Hrund Kjerúlf lagði tíu krónur fyrir á hverjum einasta degi í fimmtán ár og safnaði sér fyrir hrærivélinni sem hana langaði alltaf í. Hún segist ekki vita um neinn annan sem tileinki sér viðhorfið í nútíma samfélagi.**

„Ég hef alltaf átt erfitt með raðgreiðslur og Visa-reikninga, en ég hef ekki getað notað vörurnar fyrr en þær eru greiddar að fullu,“ segir Eva Hrund Kjerúlf, sem á dögunum lét gamlan draum rætast er hún fjárfesti í sinni fyrstu hrærivél, eftir fimmtán ára sleitulausa söfnun.

Eva hefur safnað fyrir hrærivélinni síðan árið 2000, eða síðan hún eignaðist eldri dóttur sína. „Hugmyndin kom þegar ég sat eina andvökunóttina með hana og horfði á bíómynd á Stöð 2 þar sem sögupersónan safnaði miklum peningum með litlum fjárhæðum. Mér datt í hug að þetta gæti ég líka gert og hóf þegar í stað að setja tíu krónur í tíkallakrukkuna mína,“ útskýrir hún.

Eva segir ekki hafa verið erfitt að standa við að setja í krukkuna dag hvern: „Ég hélt bókhald, og ef ég gleymdi að setja í krukkuna, sá ég það svart á hvítu og bætti upp.“

Eva segist hafa verið gríðarlega stolt þegar hún fór loks og keypti sér Kitchenaid-hrærivélina sem hana hafði alltaf langað í. „Það var virkilega gaman, og ef til vill skemmtilegra en ella,“ bendir Eva á og segir fólk í dag of upptekið af að eiga flottari hluti en næsti maður. „Það er ekkert mál að safna fyrir hlutunum, maður verður bara að setja sér markmið. Ég veit reyndar ekki um neinn sem gerir þetta í dag, það er svo auðvelt að draga upp Visa-kortið.“

Eva segir þetta aldrei hafa staðið tæpt hjá henni og hún hafi alls ekki freistast til að seilast ofan í tíkallakrukkuna og spreða í eitthvað annað. En ætli hafi þá ekki verið erfitt að láta sjóðinn fara? „Nei, alls ekki. Það var bara virkilega skemmtilegt. Ég er þegar byrjuð að safna aftur og nú ætla ég að setja tuttugu, eða jafnvel þrjátíu krónur á dag í söfnunina, ég hef nefnilega aldrei átt nýtt sófasett,“ segir þessi samviskusami safnari að lokum. **- ga**



**SKYNSÖM** Eva með gripinn góða sem hún safnaði sér fyrir, tíkall fyrir tíkall.
FRÉTTABLAÐIÐ



**TVÆR STJÖRNUR** Sofia lét útbúa fyrir sig eftirlíkingu í formi köku.

## Sofia afhjúpar stjörnuna sína

Uppáhaldsheimilisgestur margra, Sofia Vergara, var verðlaunuð af bransanum á dögunum. Hinni blóðheitu Modern Family-leikkonu hlotnaðist sá mikli heiður að fá nafnið sitt skrifað í götuna The Hollywood Walk of Fame. Hefur það löngum þótt aldeilis rós í hnappagat leikara vestanhafs að fá nafnið hripað þar.

Leikkonan lék á als oddi við afhjúpunina og ef marka má Instagram-myndir skvísunnar þá var aldeilis slegið upp ærlegri veislu.

Kærastinn, Joe Manganiello, var með í för, en hann er nú ekki óvanur sviðsljósinu, hafandi leikið í True Blood og Magic Mike.


LAUGARÁSBÍÓ




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| BAKK | 5, 8, 10:10 | L |
| AGE OF ADALINE | 8, 10:20 | 12 |
| AVENGERS 2 3D | 7, 10 | 12 |
| MALL COP 2 | 5 | L |
| ÁSTRÍKUR 2D | 6 | L |

SAMBÍÓIN




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | |
|---|---|
| HOT PURSUIT | KL. 5 - 6 - 7 - 8 - 9 - 11 |
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 - 8 - 10:30 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5 - 8 - 10 |
| AVENGERS 2 VIP 2D | KL. 5:30 - 8:30 |
| CHILD 44 | KL. 5 - 8 |
| RUN ALL NIGHT | KL. 11 |
| **SAMBÍÓIN EGILSHÖLL** | |
| HOT PURSUIT | KL. 6 - 8 - 10:30 |
| THE WATER DIVINER | KL. 5:30 - 8 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5 - 8 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 10 |
| CHILD 44 | KL. 10:20 |
| RUN ALL NIGHT | KL. 8 |
| GET HARD | KL. 5:40 |
| **SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI | |
| HOT PURSUIT | KL. 6 - 8 - 10 |
| AVENGERS 2 2D | KL. 5:30 - 7 - 8:30 - 10 |
| **SAMBÍÓIN KEFLAVÍK** | |
| HOT PURSUIT | KL. 8 - 10:20 |
| BAKK | KL. 8 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 10 |
| ÁSTRÍKUR Á GOÐABAKKA ÍSLTAL | KL. 6 |
| LOKSINS HEIM ÍSLTAL 3D | KL. 5:50 |
| **SAMBÍÓIN AKUREYRI** | |
| HOT PURSUIT | KL. 6 - 8 - 10 |
| AVENGERS 2 3D | KL. 5:30 - 8:30 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




Sýningartímar á eMiði.is og miði.is





Húseignir

Hlutur í Nýjum Norðurturni hf. til sölu

Íslandsbanki auglýsir til sölu allt að 22,85% hlut í Nýjum Norðurturni hf., eiganda nýrrar 15 hæða skrifstofubyggingar að Hagasmára 3 í Kópavogi.

Framkvæmdir við húseignina eru á lokastigi og áætlað er að verktaki afhendi byggingunа tilbúna til innréttingar í október á þessu ári. Á fyrstu og annarri hæð hússins er fyrirhugað að hafa verslunarhæðir en þær eru beintengdar við verslunarmiðstöðina Smáralind.

Allar helstu upplýsingar um félagið má nálgast á vefsíðu þess, **www.nnt.is**. Nánari upplýsingar veitir Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka, **fyrirtaekjaradgjof@islandsbanki.is**.

islandsbanki.is Netspjall Sími 440 4000 Facebook

Íslandsbanki

Við viljum réttlæti

# Segjum

# Já

## við verkfallsboðun

Kynnið ykkur málið á heimsíðum félaganna

**Okkur er alvara!**

Efling Hlíf VSFK



**ÖFLUGUR** Adam Baumruk skoraði fjögur mörk í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## OLÍS DEILD KARLA
### LOKAÚRSLIT - LEIKUR 3

**AFTURELDING - HAUKAR 24-27 (11-10)**

**Afturelding - Mörk (skot):** Árni Bragi Eyjólfsson 6 (8), Örn Ingi Bjarkason 4/2 (10/2), Gunnar Þórsson 3 (5), Kristinn Bjarkason 2 (2), Ágúst Birgisson 2 (2), Pétur Júníusson 2 (3), Jóhann Jóhannsson 2 (8), Birkir Benediktsson 1 (2), Böðvar Páll Ásgeirsson 1 (2), Elvar Ásgeirsson 1 (5), Magnús Einarsson (2),

**Varin skot:** Davíð Hlíðdal Svansson 8/1 (30/4, 27%), Pálmar Pétursson 3 (8/1, 38%).

**Hraðaupphlaup:** 4 (Árni Bragi Eyjólfsson 2, Kristinn Bjarkason 1, Pétur Júníusson 1).

**Fiskuð víti:** 2 ( Gunnar Þórsson 1, Magnús Einarsson 1,)

**Haukar - Mörk (skot):** Elías Már Halldórsson 6 (9), Janus Daði Smárason 6/4 (11/5), Jón Þorbjörn Jóhannsson 4 (5), Adam Haukur Baumruk 4 (6), Tjörvi Þorgeirsson 3 (4), Árni Steinn Steinþórsson 2 (6), Brynjólfur Snær Brynjólfsson 1 (1), Einar Pétur Pétursson 1 (1), Vilhjálmur Hauksson (1), Þröstur Þráinsson (1), Heimir Óli Heimisson (1),

**Varin skot:** Giedrius Morkunas 15 (39/2, 38%),

**Hraðaupphlaup:** 6 (Elías Már Halldórsson 4, Jón Þorbjörn Jóhannsson 2).

**Fiskuð víti:** 5 ( Janus Daði Smárason 1, Jón Þorbjörn Jóhannsson 1, Einar Pétur Pétursson 3).

# Tíundi titillinn hjá Haukum

Haukar unnu þriggja marka sigur á Aftureldingu, 24-27, í þriðja leik liðanna í úrslitum Olís-deildar karla í handbolta að Varmá í gær og urðu fyrsta félagið í sögu úrslitakeppni karla til að vinna alla átta leiki sína.

**HANDBOLTI** Haukar gáfu Patreki Jóhannessyni, þjálfara sínum, fullkomna kveðjugjöf í gær eftir að liðið tryggði sér sinn tíunda Íslandsmeistaratitil í sögu félagsins með þriggja marka sigri á Aftureldingu í Mosfellsbæ, 27-24.

Haukar náðu þar með sögulegum árangri með því að vinna alla átta leiki sína í úrslitakeppninni og sópa andstæðingum sínum úr leik á öllum stigum útsláttarkeppninnar – þrátt fyrir að hafa endað í fimmta sæti deildarkeppninnar í vor.

„Við settum stefnuna hátt og ég átti alveg von á því að við gætum farið alla leið. En ég átti ekki endilega von á þessu,“ sagði Patrekur Jóhannesson, þjálfari Hauka, eftir sigurinn í gær.

Hann neitar því ekki að það hafi verið afar sætt að vinna titilinn nú eftir að hafa tapað úrslitaeinvíginu gegn ÍBV í fyrra.

„Það er frábært og við eigum það líka skilið. Við vorum bestir yfir allt tímabilið í fyrra eins og Valur og Afturelding voru í ár. En nú vinnum við sannfærandi og ég er hrikalega ánægður með það.“

Eftir jafna og spennandi viðureign framan af náðu Haukar að sigla fram úr á hárréttu augnabliki í leiknum, fyrst og fremst með frábærri vörn og góðri markvörslu Giedrius Morkunas.

Litháinn hefur verið frábær í úrslitakeppninni og lykilmaður í velgengni Haukanna á síðustu vikum tímabilsins.

Einar Andri Einarsson, þjálfari Aftureldingar, segir að það hafi verið lykilatriði að hafa misst út Jóhann Gunnar Einarsson í meiðsli. Hann hafi í vetur verið besti maður Íslandsmótsins, að mati Einars Andra.

„Engu að síður áttum við að geta gert betur en við þurftum að breyta ansi miklu í okkar leik vegna meiðsla Jóhanns Einars. Spennustigið var svo hátt, sérstaklega hjá ungu leikmönnunum okkar sem eru að stíga svo stór skref í fyrsta skipti á ferlinum,“ sagði Einar Andri sem var stoltur af sínu liði og stefnir að því að mæta enn sterkari til leiks á næstu leiktíð.

Patrekur stígur þó frá borði nú til að einbeita sér að þjálfun austurríska landsliðsins, líkt og búið var að tilkynna.

„Það er draumur fyrir mig persónulega að geta endað dvöl mína í Haukum á þennan hátt. Það er hörkumál að vera með tvö topplið og nú einbeiti ég mér að Austurríki til ársins 2020. Svo stefni ég á að fara til Þýskalands. Það getur verið að ég þjálfi aftur á Íslandi en það verður þó allavega ekki í bráð,“ sagði Patrekur brosandi.

eirikur@frettabladid.is



**TÍUNDI ÍSLANDSMEISTARATITILLINN Í HÖFN** Haukar fóru ósigraðir í gegnum úrslitakeppnina og tryggðu sér Íslandsmeistaratitilinn með sigri á Aftureldingu í þriðja leik að Varmá í Mosfellsbæ í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

JÖFUR
ATVINNUHÚSNÆÐI
534 1020
Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is



Bergsveinn Ólafsson | Sigurður J. Sigurðsson | Helgi Már Karlsson | Magnús Kristinsson | Ólafur Jóhannsson | Helgi Bjarnason

JÖFUR KYNNIR TIL LEIGU EIGNIR Opus



**Bíldshöfði 9, 110 Árbær**
Til leigu 10.000 fm verslunar- og eða iðnaðarhúsnæði á 2 hæðum við Bíldshöfða. Góð staðsetning og næg bílastæði við húsið. Hægt er að leigja húsið í heild sinni eða hluta.
**Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Jóhannsson S: 824-6703**



**Grensásvegur 14, 108 Austurbær**
Til leigu 642 fm lager- og iðnaðarhúsnæði í miðju borgarinnar. Stórar innkeyrsludyr. Mögulegt að vera með skrifstofur í hluta húsnæðisins.
**Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Jóhannsson S: 824-6703**




**Skemmuvegur, 200 Kópavogur**
Til leigu 918 fm. iðnaðar- og lagerhúsnæði við Skemmuveg í Kópavogi. Húsnæðið er á tveimur hæðum, 750 fm. efri hæð og svo 175 fm. neðri hæð. Malbikað bílaplan er við húsið.
**Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Jóhannsson S: 824-6703**



**Selhella 3, 221 Hafnarfjörður**
Til leigu 1.600 fm iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði í Hafnarfirði. Í húsinu m.a. laus 480 fm. vinnslusalur sem getur hentað undir alls kyns iðnað og 880 fm. skrifstofurými á 2 hæðum. Hægt er að taka hluta af húsinu eða allt.
**Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Jóhannsson S: 824-6703**



**Miðhella 4, 221 Hafnarfjörður**
Til leigu 336,2 fm iðnaðarbil í Miðhellu í Hafnarfirði. Mjög mikil lofthæð og mjög háar innkeyrsludyr. Hentar fyrir ýmiskonar iðnað. Á jarðhæðinni eru 249,2 fm og á annarri hæð eru 87,0 fm sem henta fyrir skrifstofu, kaffistofu og ofl.
**Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Jóhannsson S: 824-6703**



**Skútuvogur 13A, 104 Vogar**
Til leigu 909 fm skrifstofuhúsnæði í Skútuvogi. Mögulegt að skipta niður í minni einingar en hentar einkar vel fyrirtæki sem þarf að vera með skýra deildarskiptingu. Fundarherbergi, eldhús og öll aðstaða til staðar fyrir 50+ manns vinnustað.
**Nánari upplýsingar veitir: Ólafur Jóhannsson S: 824-6703**

**Leiknisvöllur**
Áhorf: 1227
**Erlendur Eiríksson (8)**

**0-1**

**Mörkin:** 0-1 Garðar Gunnlaugsson (68.).

**LEIKNIR (4-5-1):** Eyjólfur Tómasson 6 - Eiríkur Ingi Magnússon 5, (83. Frymezim Veselaj -), Halldór Kristinn Halldórsson 6, Óttar Bjarni Guðmundsson 6, Gestur Ingi Harðarson 6 - Brynjar Þór Hlöðversson 6 (61. Atli Arnarson 7), Hilmar Árni Halldórsson 7, Sindri Björnsson 6 - Elvar Páll Sigurðsson 3 (58. Ólafur Hrannar Kristjánsson 6), Kristján Páll Jónsson 4, Kolbeinn Kárason 5.

**ÍA (4-4-2):** Árni Snær Ólafsson 7 - Þórður Þorsteinn Þórðarson 6, ***Arnór Snær Guðmundsson 7**, Ármann Smári Björnsson 6, Teitur Pétursson 6 - Albert Hafsteinsson 6 (70. Hallur Flosason 6), Arnar Már Guðjónsson 6, Marko Andelkovic 7, Jón Vilhelm Ákason 7 (87. Ingimar Elí Hlynsson -) - Garðar Gunnlaugsson 7, Arsenij Buinickij 6 (75. Ásgeir Marteinsson -).

**Skot (á mark):** 11-9 (2-4) **Horn**: 2-3

**Varin skot:** Eyjólfur 3 - Árni Snær 2

**Kópavogsvöllur**
Áhorf: 1945
**Valgeir Valgeirsson (7)**

**2-2**

**Mörkin:** 1-0 Höskuldur Gunnlaugsson (10.), 1-1 Óskar Örn Hauksson (45.), 1-2 Sören Fredriksen (70.), 2-2 Guðjón Pétur Lýðsson (71.).

**BREIÐABLIK (4-3-3):** Gunnleifur Gunnleifsson 6 - Arnór Sveinn Aðalsteinsson 5, Elfar Freyr Helgason 6, Damir Muminovic 6, Kristinn Jónsson 6 - Gunnlaugur Hlynur Birgisson 5, Andri Rafn Yeoman 5, ***Guðjón Pétur Lýðsson 7** - Davíð Kristján Ólafsson 5 (86. Olgeir Sigurgeirsson -), Höskuldur Gunnlaugsson 6, Ellert Hreinsson 4 (61. Ismar Tandir 5).

**KR (4-3-3):** Stefán Logi Magnússon 5 - Gonzalo Balbi 7, Rasmus Christiansen 5, Skúli Jón Friðgeirsson 6, Gunnar Gunnarsson 5 - Jónas Guðni Sævarsson 6, Jacob Schoop 6, Pálmi Rafn Pálmason 5 - Sören Frederiksen 7 (86.Almarr Ormarsson -), Óskar Örn Hauksson 7, Gary Martin 5 (78. Þorsteinn Már Ragnarsson -).

**Skot (á mark):** 6-11 (2-6) **Horn**: 4-7

**Varin skot:** Gunnleifur 4 - Stefán Logi 0

**Fjölnisvöllur**
Áhorf: 1114
**Vilhjálmur Alvar (7)**

**1-1**

**Mörkin:** 1-0 Guðmundur Karl Guðmundsson (35.), 1-1 Tonci Radovnikovic (89.).

**FJÖLNIR (4-3-3):** Steinar Örn Gunnarsson 6 - Daniel Ivanovski 7, ***Bergsveinn Ólafsson 8**, Atli Már Þorbergsson 6, Viðar Ari Jónsson 7 - Ólafur Páll Snorrason 6, Emil Pálsson 7, Guðmundur Karl Guðmundsson 7 - Ragnar Leósson 6(60. Gunnar Már Guðmundsson 5), Aron Sigurðarson 7 (81. Arnór Eyvar Ólafsson 5), - Þórir Guðjónsson 5.

**FYLKIR (4-3-3):** Bjarni Þórður Halldórsson 6 - Stefán Ragnar Guðlaugsson 5, Tonci Radovnikovic 7, Kristján Hauksson 6, Ásgeir Eyþórsson 6 - Ásgeir Börkur Ásgeirsson 5, Jóhannes Karl Guðjónsson 7, - Ingimundur Níels Óskarsson 5 (84. Kolbeinn Birgir Finnsson 5) - Oddur Ingi Guðmundsson 5 (64. Andrés Már Jóhannesson 7), Davíð Einarsson 6 (64. Ásgeir Örn Arnþórsson 5), Albert Brynjar Ingason 4.

**Skot (á mark):** 7-6 (3-1) **Horn**: 2-4

**Varin skot:** Þórður 0 - Bjarni Þórður 2

## PEPSI-DEILDIN 2015

### STAÐAN

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 2 | 2 | 0 | 0 | 5-1 | 6 |
| Stjarnan | 2 | 2 | 0 | 0 | 3-0 | 6 |
| Víkingur | 2 | 1 | 1 | 0 | 5-3 | 4 |
| Fjölnir | 2 | 1 | 1 | 0 | 2-1 | 4 |
| Leiknir | 2 | 1 | 0 | 1 | 3-1 | 3 |
| ÍA | 2 | 1 | 0 | 1 | 1-1 | 3 |
| Breiðablik | 2 | 0 | 2 | 0 | 3-3 | 2 |
| Fylkir | 2 | 0 | 2 | 0 | 2-2 | 2 |
| KR | 2 | 0 | 1 | 1 | 3-5 | 1 |
| Valur | 2 | 0 | 1 | 1 | 2-5 | 1 |
| ÍBV | 2 | 0 | 0 | 2 | 0-3 | 0 |
| Keflavík | 2 | 0 | 0 | 2 | 1-5 | 0 |

### NÆSTU LEIKIR

**Sunnudagur 17. maí:** 17.00 Fylkir-ÍBV, 19.15: ÍA - Víkingur R., KR-Fjölnir, Stjarnan-Leiknir R., Valur-FH, 20.00 Keflavík-Breiðablik.

# Blikakonum spáð titlinum

**FÓTBOLTI** Breiðablik verður Íslandsmeistari kvenna í haust samkvæmt spá fyrirliða, þjálfara og forráðamanna í Pepsi-deild kvenna sem birt var í gær.

**SPÁIN LÍTUR ÞANNIG ÚT:**

| | |
|---|---|
| 1. Breiðablik 277 stig | 6. ÍBV 157 stig |
| 2. Stjarnan 272 stig | 7. Valur 154 stig |
| 3. Selfoss 213 stig | 8. KR 97 stig |
| 4. Þór/KA 206 stig | 9. Þróttur 61 stig |
| 5. Fylkir 160 stig | 10. Afturelding 53 stig |

# Bara spurning hvort liðið vill þetta meira

## Grótta getur orðið Íslandsmeistari kvenna í handbolta í kvöld þegar liðið mætir Stjörnunni í fjórða leiknum.

**HANDBOLTI** Grótta getur orðið Íslandsmeistari í Olís-deild kvenna í handbolta í kvöld þegar liðið mætir Stjörnunni í fjórða leik liðanna í lokaúrslitum Íslandsmótsins. Staðan í einvíginu er 2-1 fyrir Gróttu eftir 22-18 sigur á Seltjarnarnesi á sunnudag.

„Við löguðum allt frá leiknum þar á undan þegar við töpuðum,“ segir Sunna María Einarsdóttir, leikmaður Gróttu, við Fréttablaðið. „Við vorum miklu betri í vörn og þær voru svolítið hræddar. Svo fengum við mörk frá fleiri leikmönnum sem skiptir máli í svona leikjum,“ segir Sunna María.

Ein þeirra sem mætti tilbúin til leiks í síðasta leik var Sunna, en hún skoraði fimm mörk úr átta skotum eftir að skora samtals aðeins eitt mark í leikjunum tveimur þar á undan.

„Ég var miklu betur stemmd eins og allt liðið. Það var nokkuð augljóst fyrir þá sem horfðu á að það var meiri stemning hjá okkur,“ segir hún.

Gróttuliðið missti tvo lykilmenn í meiðsli í miðjum lokaúrslitunum; Laufey Ástu Guðmundsdóttur og Karólínu Bæhrenz Lárudóttur.

„Í úrslitakeppninni er þetta ekki bara spurning um hvort liðið er betur mannað. Við erum með góðan hóp og mikla breidd sem hefur mikið að segja en það skiptir ekki öllu,“ segir Sunna María.

„Það skiptir bara máli hversu tilbúin þú ert og hvort liðið einfaldlega vill þetta meira. Þannig er úrslitakeppnin og sérstaklega lokaúrslitin.“ **- tom**



**BROSA ÞÆR Í KVÖLD?** Sunna María Einarsdóttir og félagar í Gróttu geta orðið meistarar. FRÉTTABLAÐIÐ/ÞÓRDÍS INGA




# DAGSKRÁ



**19:40**

**SÆLKERAHEIMSREISA UM REYKJAVÍK**

Í þessum þætti förum við í heimsókn í eþíópískt eldhús í miðri Reykjavík þar sem við fáum að kynnast bragðmiklum afrískum mat og lærum að búa til eþíópískt krydd sem gefur íslensku hráefni alveg einstakt bragð. Og svo fáum við popp og kaffi saman eins og gert er í Eþíópíu, upprunalandi arabica kaffibaunarinnar.

FRÁBÆR
**ÞRIÐJUDAGUR**

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**20:50**

**VEEP**

Fjórða þáttaröðin af þessum bráðfyndnu gamanþáttum. Julia Louis-Dreyfus er hér í hlutverki forseta Bandaríkjanna.




**21:15**

**A.D.: KINGDOM AND EMPIRE**

Þættirnir gerast eftir krossfestingu Jesú og fjalla um líf lærisveina frelsarans.



**22:00**

**SNITCH**

Mynd byggð á sönnum atburðum og fjallar um vörubílstjóra sem leggur allt í sölurnar til að bjarga unglingssyni sínum frá fangelsisvist.



**20:30**

**EITHVAÐ ANNAÐ**

Lóa Pind Aldísardóttir fjallar um fólkið á bak við íslensk sprotafyrirtæki, fólk sem þorir að stíga út úr þægindarammanum og láta drauma sína rætast.



**19:00**

**THE WORLD'S STRICTEST PARENTS**

Fylgst er með nokkrum vandræðaunglingum sem eru sendir erlendis til fjölskyldna sem eru þekktar fyrir strangt uppeldi.



Krakkastöðin **18:25**

**ÆVINTÝRI TINNA**

Við fylgjumst með Tinna og hundinum hans Tobba leysa hinar ýmsu ráðgátur.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

**Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 310 kr. á dag.** Nánari upplýsingar á **365.is**

## STÖÐ 2

**07.00** **Barnatími Stöðvar 2**
**08.05** **The Middle**
**08.30** **Restaurant Startup**
**09.15** **Bold and the Beautiful**
**09.35** **The Doctors**
**10.15** **Anger Management**
**10.40** **The Smoke**
**11.25** **Friends with Better Lives**
**11.50** **The Face**
**12.35** **Nágrannar**
**13.00** **Britain's Got Talent**
**14.45** **Mr Selfridge**
**16.30** **Teen Titans Go**
**16.55** **Ground Floor**
**17.20** **Bold and the Beautiful**
**17.40** **Nágrannar**
**18.30** **Fréttir**
**18.47** **Íþróttir**
**18.55** **Ísland í dag**
**19.40** **Sælkeraheimsreisa um Reykjavík** *(5:8)* Í þessum vönduðu og glæsilegu þáttum fer Vala Matt um Reykjavík og heimsækir Íslendinga af erlendum uppruna.
**20.05** **Modern Family** *(22:24)*
**20.25** **The Big Bang Theory**
**20.50** **Veep** *(4:10)*
**21.15** **A.D. Kingdom and Empire** *(6:12)*
**22.00** **Gotham** *(22:22)*
**22.45** **Last Week Tonight with John Oliver**
**23.15** **Louie**
**23.40** **Grey's Anatomy**
**01.05** **Outlander**
**02.00** **Weeds**
**02.30** **The Infidel**
**04.15** **Kites**
**05.50** **Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00** **Leiknir R - ÍA**
**08.50** **Pepsímörkin 2015**
**11.05** **Leiknir R - ÍA**
**12.55** **Pepsímörkin 2015**
**14.10** **Sevilla - Fiorentina**
**15.50** **Real Madrid - Valencia**
**17.30** **Spænsku mörkin**
**18.00** **Goðsagnir - Pétur Ormslev**
**18.30** **Bayern München - Barcelona** Bein útsending
**20.45** **Meistaradeildin - Meistaramörk**
**21.05** **Leiknir R - ÍA**
**22.55** **Bayern München - Barcelona**
**00.45** **Meistaradeildin - Meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00** **Arsenal - Swansea**
**10.40** **Messan**
**11.40** **Newcastle - WBA**
**13.20** **Leicester - Southampton**
**15.00** **Stoke - Tottenham**
**16.40** **Aston Villa - West Ham**
**18.20** **Crystal Palace - Man. Utd.**
**20.00** **Premier League Review**
**20.55** **Messan**
**21.55** **Chelsea - Liverpool**
**23.35** **Arsenal - Swansea**
**01.15** **Premier League World**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **20.30** Hrafnaþing **21.00** 433 **21.30** Gönguferðir

## STÖÐ 3

**19.00** **The World's Strictest Parents**
**19.45** **Traffic Lights**
**20.05** **10 Items or Less** *(5:8)*
**20.30** **One Born Every Minute UK** *(9:14)* Breska útgáfan af þessum vönduðu og áhugaverðu þáttum sem gerast á fæðingardeild á bandarískum spítala þar sem fylgst er með komu nýrra einstaklinga í heiminn.
**21.20** **Mental** *(1:13)*
**22.05** **Flash**
**22.50** **Arrow**
**23.35** **The World's Strictest Parents**
**00.20** **Traffic Lights**
**00.40** **10 Items or Less**
**01.05** **The 100**
**01.45** **One Born Every Minute UK**
**02.30** **Mental**
**03.15** **Tónlistarmyndbönd**

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Tom and Jerry **08.55** Leyndarmál vísindanna **09.00** Lína Langsokkur **09.22** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Latibær **10.00** Strumparnir **10.25** Ævintýri Tinna **10.47** Stóri og Litli **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Tom and Jerry **12.55** Leyndarmál vísindanna **13.00** Lína Langsokkur **13.22** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Latibær **14.00** Strumparnir **14.25** Ævintýri Tinna **14.50** Stóri og Litli **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Tom and Jerry **16.55** Leyndarmál vísindanna **17.00** Lína Langsokkur **17.22** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Latibær **18.00** Strumparnir **18.25** Ævintýri Tinna **18.50** Stóri og Litli **19.00** Dino Mom

## GULLSTÖÐIN

**18.10** **Friends**
**18.35** **Modern Family**
**18.55** **New Girl**
**19.20** **The Big Bang Theory**
**19.45** **Veggfóður**
**20.30** **Eitthvað annað** *(2:8)*
**21.00** **The Newsroom** *(6:10)*
**22.00** **Grimm** *(3:22)*
**22.40** **Chuck**
**23.25** **Cold Case**
**00.10** **Veggfóður**
**00.50** **Eitthvað annað**
**01.20** **The Newsroom**
**02.15** **Grimm**
**03.00** **Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.05** **Grand Seduction**
**13.00** **Dying Young**
**14.50** **Juno**
**16.30** **Grand Seduction**
**18.25** **Dying Young**
**20.20** **Juno**
**22.00** **Snitch**
**23.50** **Man of Steel**
**02.15** **Killer Joe**
**04.00** **Snitch**

## RÚV

**16.10** **Alla leið**
**17.15** **Vísindahorn Ævars**
**17.20** **Músahús Mikka**
**17.43** **Robbi og skrímsli**
**18.15** **Táknmálsfréttir**
**18.25** **Melissa og Joey**
**18.50** **Öldin hennar**
**19.00** **Fréttir**
**19.25** **Íþróttir**
**19.30** **Veðurfréttir**
**19.35** **Úrslitakeppni kvenna í handbolta** Bein útsending frá fjórða leik Stjörnunnar og Gróttu í úrslitum Olís-deildar kvenna í handbolta.
**21.30** **Djöflaeyjan** Þáttur um leiklist, kvikmyndir, myndlist og hönnun. Ritstjóri er Brynja Þorgeirsdóttir og aðrir umsjónarmenn eru Vera Sölvadóttir, Goddur, Bergsteinn Sigurðsson, Sigríður Pétursdóttir og Kolbrún Vaka Helgadóttir.
**22.00** **Tíufréttir**
**22.15** **Veðurfréttir**
**22.20** **Horfinn** *(7:8) (The Missing)*
**23.20** **Spilaborg**
**00.15** **Fréttir**
**00.30** **Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**08.00** **Everybody Loves Raymond**
**08.20** **Dr. Phil**
**09.00** **The Talk**
**09.45** **Pepsi MAX tónlist**
**15.15** **Cheers**
**15.40** **My Kitchen Rules**
**16.25** **An Idiot Abroad**
**17.10** **Black-ish**
**17.30** **The Odd Couple**
**17.50** **Dr. Phil**
**18.30** **The Talk**
**19.10** **Design Star**
**19.55** **Kirstie** *(4:12)*
**20.15** **Jane the Virgin** *(20:22)*
**21.00** **The Good Wife** *(20:22)*
**21.45** **Elementary** *(22:24)*
**22.30** **Sex & the City**
**22.55** **Californication**
**23.20** **Remedy**
**00.05** **Blue Bloods**
**00.50** **The Good Wife**
**01.35** **Elementary**
**02.20** **Sex & the City**
**02.45** **Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** PGA Tour 2015
**14.00** World Golf Championship 2015
**16.15** PGA Tour 2015 – Highlights
**17.10** Golfing World 2015
**18.00** PGA Tour 2015

## HRINGBRAUT

**10.00** Lífsstíll **10.30** Hringtorg **11.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **12.00** Lífsstíll **12.30** Hringtorg **13.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **14.00** Lífsstíll **14.30** Hringtorg **15.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **16.00** Lífsstíll **16.30** Hringtorg **17.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **18.00** Lífsstíll **18.30** Hringtorg **19.00** Úr smiðju Páls Steingrímssonar **20.00** Fólk með Sirrý **21.00** Atvinnulífið **21.30** Ritstjórarnir **22.00** Fólk með Sirrý **23.00** Atvinnulífið **23.30** Ritstjórarnir

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin



GUNNAR HANSSON
VÍKINGUR KRISTJÁNSSON
SAGA GARÐARSDÓTTIR
★★★★
„Fyrsti íslenski sumarsmellurinn"
- HJÖRDÍS STEFÁNSDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ
★★★★★
„Man ekki eftir að hafa skemmt mér jafn vel í bíó lengi og mæli hiklaust með henni"
- KJARTAN MÁR ÓMARSSON, FRÉTTABLAÐIÐ
★★★★★★
„Bakk fær sex stjörnur af fimm."
- MÁNI Í HARMAGEDDON Á XINU.
★★★★
„Hef ekki hlegið svona mikið í bíó í langan tíma! Þetta er myndin sem íslenskir bíóáhorfendur hafa verið að bíða eftir"
- STEFÁN MÁNI RITHÖFUNDUR
BAKK
LEIKSTJÓRN GUNNAR HANSSON OG DAVÍÐ ÓSKAR ÓLAFSSON
KOMIN Í BÍÓ

## BESTI BITINN



**„Ég er lítið fyrir skyndibita. En mitt uppáhald er Fresco á Suðurlandsbraut eða Local í Smáralind. Ég fæ mér alltaf mismunandi. En ef ég er að svindla stórlega, vel ég Kentucky Fried Chicken, en sárasjaldan.“**

Heiðar Jónsson, snyrtir.

# Tvö ný lög á plötu frá Maríu Ólafs

Eurovision-farinn María Ólafsdóttir og StopWaitGo senda frá sér EP-plötu.

„Fólk verður nú að fá eitthvað meira til að hlusta á frá okkur heldur en bara Unbroken,“ segir söngkonan og Eurovision-prinsessan okkar María Ólafsdóttir en hún og upptökuteymið StopWaitGo senda frá sér EP-plötu í vikunni. Um er að ræða fyrstu sameiginlegu EP-plötu Maríu og StopWaitGo. „Ég var alveg óþekkt fyrir Eurovision þannig að það er lítið til af tónlist með mér og þurftum við því að gefa þetta út svo fólk fái ekki algjört ógeð á mér,“ segir María létt í lundu og hlær.

Á plötunni eru tvö ný lög sem bera titlana, Dancing in the Storm og Wild as Summerlove. Ásamt þeim inniheldur platan einnig tvö ný remix af laginu Unbroken, sem og upprunalegu útgáfuna af Eurovision-framlaginu okkar. „Við erum mjög ánægð með nýju lögin og frumfluttum þau bæði í Kringlunni á laugardaginn. Þau eru bæði í stíl við Unbroken,“ útskýrir María.

Hún hefur í nógu að snúast þessa dagana þar sem að hún æfir nú af kappi fyrir Eurovision-keppnina sem fram fer 21. maí og 23. maí í Vín í Austurríki. „Við erum að fara út núna á miðvikudaginn og ég er orðin mjög spennt og hlakka mikið til að stíga á svið.“ **- kak**



**NÝ PLATA** María Ólafsdóttir og StopWaitGo senda frá sér sína fyrstu EP plötu.
MYND/JÓNATAN GRÉTARSSON







## ÆSTIR AÐDÁENDUR OF MONSTERS AND MEN Á INSTAGRAM



# Aðdáendur á Instagram trylltir yfir tónleikaröð

Tónleikar sveitarinnar Of Monsters and Men fá frábæra dóma og eru aðdáendur í skýjunum. Á Twitter birtast frá fimm hundruð til þúsund tíst á degi hverjum.

Tónleikaröð hljómsveitarinnar Of Monsters and Men hófst fyrir viku síðan og hélt sveitin sex tónleika í fyrstu vikunni. Fyrstu tónleikarnir voru í Toronto í Kanada en sveitin hélt þaðan til Bandaríkjanna og treður þar upp í fjölmörgum borgum alveg fram í júnímánuð. Sveitin nýtur mikilla vinsælda vestanhafs og keppast aðdáendur við að lofa hana á samfélagsmiðlum. Fjölmiðlar hafa einnig farið fögrum orðum um tónleika sveitarinnar og er hún sögð vera í feiknaformi.

### Töfrar í loftinu

Erlendir fjölmiðlar hafa fjallað um þá tónleika sem sveitin hefur haldið. Í umsögn miðilsins Blare Magazine kemur fram að svo virðist sem töfrar hafi verið í loftinu á meðan sveitin lék fyrir tónleikagesti. Uppistaða tónleikanna á ferðalaginu eru lög af nýrri plötu Of Monsters and Men, sem ber titilinn Beneath the Skin og kemur út í júní. „Áhorfendur, sem voru eins konar tilraunadýr fyrir nýtt efni sveitarinnar, elskuðu hverja einustu stund. Í lok hvers lags fögnuðu þeir af miklum krafti og roðnuðu hljómsveitarmeðlimir vegna þess hve vel áhorfendur tóku í nýju lögin,“ segir blaðamaður miðilsins Live in Limbo, um tónleika sveitarinnar í Toronto fyrir viku. Hann segir sviðsmyndina hafa verið frábæra og að hin nýju lög sveitarinnar hafi hljómað ótrúlega vel.

### Líkir Arnari við Phil Collins

Blaðamaður Live in Limbo fór af mikilli nákvæmni yfir tónleika sveitarinnar. Hann segir til að mynda frá því þegar Nanna Bryndís Hilmarsdóttir söngkona bað áhorfendur um að standa upp í lok eins lagsins. Áhorfendur tóku Nönnu á orðinu og enginn sat í kjölfar orða hennar. Blaðamaðurinn hrósaði Arnari Róenkranz Hilmarssyni í hástert. Hann líkir stíl Arnars við trommarann fræga, Phil Collins, sem er líklega þekktastur sem meðlimur sveitarinnar Genesis.

En að mati blaðamannsins stóð Ragnhildur Gunnarsdóttir upp úr. Fjölhæfni Ragnhildar vakti mikla athygli blaðamanna en hún lék á fjögur hljóðfæri og söng bakraddir á tónleikunum.

### Æstir aðdáendur

Á samfélagsmiðlum á borð við Instagram og Twitter má vel

→ Blaðamaður Live in Limbo hrósaði Arnari Róenkranz Hilmarssyni í hástert. Hann líkir stíl Arnars við trommarann fræga, Phil Collins, sem er líklega þekktastur sem meðlimur sveitarinnar Genesis.

skynja aðdáun margra á sveitinni íslensku. Þegar nafn sveitarinnar er slegið inn í leitarvélar samfélagsmiðlanna sést aragrúi af lofi frá æstum aðdáendum. Undanfarna viku hafa á bilinu fimm hundruð til eitt þúsund tíst birst daglega um sveitina á Twitter. Tístum um sveitina hefur fjölgað talsvert frá því að tónleikaferðalagið hófst.

Vinsældir sveitarinnar á Instagram eru síst minni. Þar birtast hundruð mynda og myndbanda daglega sem merkt eru sveitinni. Flestar myndanna og myndbandanna eru af tónleikum sveitarinnar og er ljóst að hún nýtur mikillar hylli og að aðdáendur eru ákaflega sáttir með frammistöðu Of Monsters and Men.

kjartanatli@frettabladid.is

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason gustaf@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@365.is, Sigfús Örn Einarsson sigfus@365.is, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir svansi@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorláksdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atli Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is


#RSICELAND
27. ÁGÚST 2015
LAUGARDALSHÖLLIN
RAE SREMMURD
MIÐASALA HEFST Á MORGUN KL. 10!
GÍSLI PÁLMI
RETRO STEFSON
FRIDRIK DÓR
HERRA HNETUSMJÖR
HERMIGERVILL
PELL
Doritos
pepsi MAX
PlayStation
MIÐASALA Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 540-9800.
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á WWW.SENA.IS/RAE
sena

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 800 1177

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka
OPIÐ 24 TÍMA
Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Þykir vænt um stuðninginn

Félagsmönnum í Hugarafli þykir vænt um stuðning **Maríu Ólafsdóttur** söngkonu sem styður söfnun til handa samtökunum. María mun bera sérhannaða skartgripi á sviðinu í Austurríki þegar hún flytur framlag Íslands í Eurovision. Skartið verður selt til styrktar starfi Hugarafls, sem berst fyrir hagsmunum og mannréttindum fólks með geðröskun. María sjálf átti hugmyndina og mætti á Geðveikt kaffihús Hugarafls fyrir stuttu þar sem hún söng Eurovision-lagið gestum til gleði. - kbg



### Sonur kom í heiminn

Tónlistarmaðurinn **Einar Ágúst Víðisson** og kærasta hans, Andrea Edwinsdóttir, eignuðust í gær son. Unga piltinum og móður heilsast vel. „Ég er alveg í skýjunum, þetta er alveg yndislegt,“ segir Einar Ágúst alsæll um fæðingu sonarins.

Einar Ágúst átti fyrir tvo syni, þá Ásmund Goða 12 ára og Loga Þór 4 ára. Hann segir að nafnið á nýjasta fjölskyldumeðlimnum sé ekki alveg ákveðið. „Það eru komnar nokkrar góðar hugmyndir. Ég hef reynt að hafa það til siðs að hafa seinna nafnið tengt goðafræði,“ bætir Einar Ágúst við. Andrea og Einar Ágúst hafa verið saman í um tvö ár. - glp



## Mest lesið VÍSIR

1. Vigdís Hauksdóttir: Þegjandi samkomulag um engin verkföll á meðan vinstri stjórn var við völd
2. Slysið í Kópavogi: Ung kona í æfingaakstri undir stýri
3. Skeljagrandabróðir eldri þarf að víkja úr dómssal: Rafstuð í kynfæri og smjörsýra í munn
4. Þegjandi samkomulag Vigdísar: „Svo fjarri lagi að ég á varla orð yfir þetta“
5. TM gert að greiða flugmanni átta og hálfa milljón í bætur




YFIRBURÐIR

Fréttablaðsins staðfestir

**Höfuðborgarsvæðið, meðallestur á tölublað 18–49 ára.** Prentmiðlakönnun Gallup, jan.– mar. 2015



Allt sem þú þarft ...

